

Fornleifaskráning

í Vík í Mýrdal

Norður-Vík / SuðurVík

og

Húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík



Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA
2004

Efnisyfirlit

Vík í Mýrdal.....	3
Inngangur.....	3
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Fornleifaskráning og aðferðir.....	5
Aðferð við skráningu.....	6
Jarðanúmer.....	6
Tegund, hlutverk og heiti.....	6
Lega.....	6
Staðhættir og lýsing.....	7
Hættumat.....	7
Heimildir.....	7
Vík í Mýrdal, saga og staðhættir.....	8
Norður-Vík og SuðurVík.....	8
Saga jarðanna og fornleifar.....	8
Saga.....	8
Náttúrufar og jarðabætur.....	9
Vík-kaupún.....	10
Verslun.....	11
Fornleifaskráning Norður-Vík.....	12
Fornleifaskráning Suður-Vík.....	43
Niðurstöður.....	70
Heimildaskrá.....	72
Fylgiskjöl.....	73
Fornleifalisti fyrir Norður-Vík.....	73
Fornleifalisti fyrir Suður-Vík.....	74
Ljósmyndaskrá.....	75
Teikningaskrá.....	76
Kortaskrá.....	77
VIÐAUKI.....	78
Húsakönnun.....	78
Inngangur.....	78
KORT 1. NORÐUR VÍK - STAÐSETNING FORNLEIFA.....	91
KORT 2. SUÐUR VÍK - STAÐSETNING FORNLEIFA.....	92

Forsíðumynd: Hleðslur syðra byrgisins í Víkurbaðstofu.

VÍK Í MÝRDAL

Inngangur

Fornleifaskráning var gerð í Vík vegna gerðar aðalskipulags- og deiliskipulagsvinnu. Fornleifaskráningin var unnin í janúar til apríl 2004.

Fornleifaskráning fyrir Víkurkaupstað er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands, Fornleifaverndar ríkisins, Sandgerðisbæjar og Byggðastofnunar sem styrkti verkefnið. Ekki hefur áður farið fram fornleifaskráning á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í Sarp var gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi fil.mag. Sarpur er gagnagrunnur sem varðveitir heimildasöfn Þjóðminjasafns Íslands, Húsafriðunarnefndar, Örnefnastofnunar og menningarsögulegar upplýsingar annarra stofnana, safna og fyrirtækja.

Vettvangsskráning fór fram dagana 6/4, 7/4, 16/4, 2004. Teknar voru myndir og teiknaðir uppdráttir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnítum. Skráðar voru 42 fornleifar í Norður-Vík og 37 fornleifar í Suður-Vík, samtals 79 fornleifar.

Ólafur Þórðarson Austurvegi 10 í Vík veitti leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið, ásamt Sveini Pálssyni sveitarstjóra. Þeim er þökkúð veitt aðstoð.

Fornleifaskráningin nær til Víkurkaupstaðar að strandlengjunni til suðurs, Reynisfjalli til vesturs, túngarði Suður-Víkur til norðausturs, endamarka fyrirhugaðrar stækkunar á golfvelli til austurs, Miðaftansgili sem er rétt norð-vestan Víkur, og nyrstu marka túngarðs Norður-Víkur, ásamt hlöðnum gördum Suður- og Norður-Víkur gerðis til norðurs.

Skýrslan greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsökum þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa gát á vegna verklegra framkvæmda eða annarra framkvæmda sem eiga sér stað á eða við fornminjar.

Fylgirit

Húsakönnun Mýrdalshrepps.

Húsakönnun var unnin 1999-2002 af „Götu Arkitektþjónustu.“ Könnunin nær yfir hús sem byggð eru fyrir árið 1950 í Víkurkaupþúni. Þau hús sem eru hér tekin með eru byggð fyrir 1920. Ekki er gert neitt annað mat á þessum húsum en það sem liggur fyrir í þeirri húsakönnun sem þegar hefur verið gerð. Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt gerði könnunina og skýrsluna og veitti góðfúslega leyfi að upplýsingarnar og niðurstöður yrðu viðbót við þessa fornleifaskráningu, og er honum þakkað fyrir það.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað

óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Loftmyndum ehf.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Norður-Vík - 163072, og Suður- Vík 163118, í öðru lagi númeri jarðarinnar. Samkvæmt *Jarðatali Johnsens* er númerið sameiginlegt fyrir báðar jarðirnar í þessu tilfelli, 205.

Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði .Norður-Víkur væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Norður-Vík, 163072 205-1, og það sama er þá fyrir Suður –Vík þar er bæjarstæðið auðkennt með 163118 205 – 1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Jórvíkurstekkur eða Efracús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

VÍK Í MÝRDAL, SAGA OG STAÐHÆTTIR

Norður-Vík og Suður-Vík

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á sögu í Norður-Vík og Suður-Vík, sem verður svo kaupstaðurinn Vík.

Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* er grein um Mýrdal eftir Einar H. Einarsson, þar segir: „Í Landnámu er sagt að Hjörleifur hafi tekið land í Hjörleifshöfða: Hjörleifur tók land við Hjörleifshöfða og var þá fjörður og horfði botninn inn að höfðanum.“ Hjörleifur lét gera skála tvo og er önnur tóftin 18 faðmar en önnur 19. Hjörleifur sat þar um veturinn.

Í Hauksbók segir, en þar er sagt frá Hróðari Tungugoða dóttursyni Leiðólfs kappa: „Hróar tók Þórunni brún dóttur Brynjólfs í Hvammi í Mýrdal.“ Í Hauksbók segir frá landnámi Loðmundar hins gamla í Mýrdal. Hann bjó í Loðmundarhvammi, þar sem nú heitir Sólheimar. Í Sturlubók segir frá Eysteini sem byggði í Fagradal. Munnmælasögur herma að áður en norrænir menn tóku að byggja Mýrdal hafi papinn Loddi búið í hellinum Lodda í Heiðardal, sem samkvæmt Landnámu er gefinn sem austasti hluti Mýrdals. Þykir sú staðarlýsing ekki áreiðanleg.

Í Kristnisögu og Njálu er getið um bóndann Galdra-Héðin í Kerlingadal, er hugðist láta jörðina gleypa Þangbrand kristniboða, en náði aðeins hestinum. Um sögu Mýrdals á miðöldum er fátt vitað og lítið hefur geymst af skráðum heimildum, þó er þess getið allsnemma að þar hafi verið 4 kirkjur. Þær voru á Ytri-Sólheimum, Dyrhólum, Reyni og Höfðabrekku. Í skjölum frá 18. og 19.öld er getið um 2 bænhús eða hálfkirkjur á Felli og Stóradal, en þau virðast hafa verið lögð niður fyrir miðja 19.öld.²

Í *Sýslu- og Sóknarlýsingu fyrir Skaftafellssýslu* sem gerð var af Magnúsi Stephensen sem var sýslumaður í Skaftafellssýslu frá 1823-1844, er getið um ábúðajarðir sýslumanna og lækna, og þar segir að á meðan fjórðungslæknirinn bjó í Skaftafellssýslu hafi **Suður-Vík** í Mýrdal verið bújörð ætluð honum, en nú sé þar engin byggð.³

Í *Jarðatali* frá 1847 segir að jörðin Vík sé undir Þykkvabæjarklaustri, dýrleiki sé 24, landskuld sé 1.80, kúgildi séu sex, leiguliðar tveir. Í skýringum í Jarðatali segir að árið 1806 hafi Víkurjörðum verið skipt jafnt í Efri- og Syðri-Vík. Eldri jarðabækur, sýslumaður og prestur telja Efri- og Syðri Vík eina jörð. Árið 1769 er landskuldin gjörð 3 h., 20 al á Vík.⁴

² Einar H. Einarsson. 1975, 14-16.

³ Sýslu- og Sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. 13, 17.

⁴ J.Johnsens. 1847, 13.

Þegar Sveinn Pálsson ferðaðist um Suðurland 1794, kom hann á bæinn Vík í Mýrdal og segir hann að í þessu byggðarlagi sé stundaður upp til fjalla hinn gamli og góði seljabúskapur og hellar nýttir við búskapinn.⁵

Í *Sunnlenzkum byggðum* segir svo:

Land Víkurjarða nær að Fagradalslandi að austan og eru mörkin við Öxafótarlæk, en að norðan og vestan er land Reynishverfis.

Norður-Vík er önnur Víkurjörðin. Bærinn stendur norðan Bæjargils dálítið norðar en Suður-Vík. Víkurjarðir, einkum þó Norður-Vík, voru fyrr á tímum taldar vildarjarðir og sýslumenn sátu þar um nokkurt skeið. Má þar nefna Jón Guðmundsson (1802-1820), en hann hugðist gera Jörundi hundadagakonungi fyrirsát við Jökulsá ef hann freistaði þess að koma austur þangað, og Lýð Guðmundsson (1756-1802), en hann bjó síðan um nokkur ár í Suður-Vík eftir að hann lét af embætti. Síðasti bóndinn á jörðinni var Jón Þorsteinsson sýsluskrifari. Hann dvaldi þar fram á elliárin, en hafði löngu fyrr hætt búskap í Norður-Vík. Nú síðusta áratug eða svo hafa þeir Einar Oddsson sýslumaður og Guðjón Þorsteinsson nytjað jörðina. Norður-Vík fékk rafmagn til ljósa 1913, en rafmagn frá ríkisveitum kom um 1960. Býlið er með eigin vatnslögn.

Núverandi eigandi jarðarinnar er Hvammshreppur. Íbúðarhús byggt 1950 af Jóni Þorsteinssyni, útihús eru öll gömul og þau sem standa eru talin ónýtt. Ábúendur frá 1891: Þorsteinn Jónsson og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir 1891-1916. Ragnhildur Gunnlaugsdóttir 1916-1918. Jón Þorsteinsson f. 1887 í Norður-Vík og Arnbjörg Ábjörnsdóttir f. 1887, 1918-1970.

Suður-Vík er hin Víkurjörðin, sem áður voru nefndar Efri-Vík og Syðri-Vík. Dálitill gilskorningur gengur til austurs á milli bæjanna og mun í daglegu tali hafa verið nefnt Bæjargil, en er ofar dregur nefnist það Myllugil. Nokkru fyrir norðan Suður-Víkurbæinn beygir gilið til suðurs og stendur bærinn þar á allhárri snarbrattri brekkubrún.

Bærinn Suður-Vík varð höfuðból á síðari hluta 19. aldar er Jón Jónsson umboðsmaður settist þar að. Ýmsir nafnkunnir menn hafa setið þar og má þar nefna Svein Pálsson lækni (1809-1940), Lýð Guðmundsson sýslumann (1802-1809) og séra Magnús Hákonarson prest (1856-1868). Víkurjarðir tilheyrðu svokölluðum Þykkvabæjarklaustursjörðum, en árið 1886 keyptu jörðina þáverandi ábúendur hennar. Suður-Vík mun hafa fengið rafmagn til ljósa 1913, en 1936 var byggð sérstök vatnsaflstöð sem var síðan endurnýjuð 1948, og var í notkun til 1966. Frá árinu 1971 hefur ekki verið rekinn búskapur í Suður-Vík. Víkurþorp teygir nú byggð sína æ lengra upp á túnið, en Hvammshreppur keypti jörðina ásamt húsum 1973.⁶

Náttúrufar og jarðabætur

Haglendi og hlunnindi er sameiginlegt hjá Víkurjörðum. Útslægjur voru lélegar á Víkurjörðum fyrir utan svonefndan Víkurteig vestur á Hvammsárþökkum í Mið-Mýrdal. Talið er að Víkurteigar séu ítök í Fossjörðum og hafi verið látið í skiptum

⁵ Sveinn Pálsson. 1983, 350.

⁶ Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing. 1985, 378 - 399.

fyrir kúabeit í annað mál eftir 18.viku sumars í Skeifanlandi í Víkurlandi. Engin skrifleg heimild mun þó finnast fyrir þessum skiptum. Haglendi Víkurjarða er mikið og gott. Hlunnindi eru reksæl fjara og fuglatekja. Þótt útslægjur væru litlar á Víkujörðum bjuggu þar oft stórbændur og áttu þá stundum fleiri jarðir í Mýrdal og sóttu gjarnan einhvern heyskap þangað.

Aðaltún Norður-Víkur er brekkan norður og vestur af bænum. Það er allstórt en erfitt að nytja vegna bratta. Þá er tún í Húsadal og nýlega ræktað tún á sandinum austan þorpsins í Vík.

Tún Suður-Víkur eru í hliðarbrekku suðaustur frá bænum og sléttlendi þar fyrir ofan norður af skerinu sem Víkurkirkja stendur á. Einnig á jörðin túnspildu nokkru norðar á svokölluðu Gerði. Heimatúnið er stórt og gott en sums staðar nokkuð bratt.

Víkurjarðir, einkum þó Norður-Vík, voru fyrr á tímum taldar vildarjarðir og sýslumenn sátu þar um nokkurt skeið.⁷

Samkvæmt Túnakorti frá 1928 er túnið í Norður-Vík 13,5 ha og matjurtagarðar 1966 m². Túnið í Suður-Vík 15,0. Matjurtagarðar 3276 m².⁸

Vík-kauptún

Vík er í dal sem myndast milli Arnarstakksheiðar að austan og Reynisfjalls að vestan. Bæirnir tveir Suður-Vík og Norður-Vík stóðu sitt hvoru megin við Víkurlæk, er rennur í Víkurá. Bæirnir standa á hæðunum upp frá sjónum, en þorpið sem hér hefur myndast er aðallega niðri á láglendinu og uppi á hæðarbrúnum beggja vegna árinna, þó mest vestan hennar. Uppi á Skerinu austan árinna stendur kirkjan. Víkurá kemur alllangt norðan úr lægðinni milli fjallanna, rennur á köflum í gljúfrum og svo fram á sandinn gegnum þorpið. Að austan í ána, þegar komið er inn í tún rennur lækur sem heitir Víkurlækur. Hann skilur að tún Suður- og Norður-Víkur. Beggja vegna árinna neðan túnanna var svartur ægisandur, sem meðal annars hefur færst fram í Kötlugosum. Bærin í Suður-Vík stendur austan við Víkurlæk og hallar túninu niður að læknum og ánni.⁹

Áður en að hin eiginlega byggð hefst í Vík var róið þaðan til fiskjar á vor- og vetrarvertíðir. Árið 1896 byggði Einar Hjaltason sjómaður og bóndi sé fyrstur íbúðarhús í Víkurþorpi. Húsið stóð til ársins 1913, en var þá rífið, annað hús var byggt á sama stað. Stendur það enn og er gistihús. (1980). Eftir að fyrsta íbúðarhúsið var byggt í Vík stækkaði kaupúnið, og reist voru fleiri íbúðarhús. Árið 1908 var síðan sýslumannsembættið flutt til Víkur, sóknarpresturinn 1911 og héraðslæknirinn 1915.¹⁰

⁷ Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing. 1985, 378 - 399.

⁸ Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

⁹ Magnús Finnbogason. 1954.

¹⁰ Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing. 1985, 378 - 399.

Verslun

Árið 1887 öðlast Vík löggildingu sem verslunarstaður.¹¹ Brydeverslun í Vestmannaeyjum sendi þangað skip sama ár, og er sagt að búendur hafi átt viðskipti sín á sjó úti. Árið 1888 um sumarið voru sendimenn Brydes farnir að versla við Skaftfellinga í landi og þá í hlöðunni í Norður-Vík. Árið 1889 byggði Brydeverslun svo lítið vörugeymsluhús rétt við Blánefið, bergnef sem stendur rétt vestan við þorpið í Vík. Innlendar verslunar er fyrst getið árið 1891, og voru þær þá þrjár í Vík. Kaupfélagið var stofnað í Vík 1892, en hætti fljótlega störfum Árið 1895 voru verslanirnar orðnar sjö auk Brydeverslunar.

Árið 1894 er síðan gerður samningur við Víkurbændur um kaup á lóð undir verslun undir bökkunum í Vík. Þá hafði verið haldið uppi selverslun á sumrin á söndunum. Þar að auki var gerður samingur við Víkurbændur að þeir skyldu byggja grunnmúr undir verslunarhúsið sem Bryde hugðist reisa í Vík. Vorið 1895 var húsið síðan flutt frá Vestmannaeyjum, og reist þar sem aldrei hafði verið byggð. Menn fundu að nýir tímar fóru í hönd.¹²

Allar vörur voru fluttar sjóleiðis til og frá Vík fram að 1940, en eftir það var vegasamband komið í betra horf, og lögðust þá sjóflutningar af.¹³

¹¹ Einar H. Einarsson. 1975, 118.

¹² Kjartan Ólafsson. 1987, 115,118,120.314, 315.

¹³ Einar H. Einarsson. Reykjavík. 1975, 118.

FORNLEIFASKRÁNING NORÐUR-VÍK

Norður-Vík 163072 205 - 1

Sérheiti: Norður-Vík

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 24,6000 (-63,42350000) V: 19,00, 33,8000 (-19,00938889)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Á bílastæðinu fyrir norðan húsið í Norður-Vík.

Lýsing: Á staðnum er nú bílastæði með malarfyllingu.

Heimildaskrá; *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands.

Reykjavík. 1985.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Norður-Vík 163072 205 - 2



Mynd 1. N- Vík-163072 205-2. Horft til norðurs. Húsið Norður-Vík, Eldhúsbrekkan til hægri við húsið, þar sem hafa verið gróðursett tré.

Sérheiti: Eldhúsbrekka

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Öskuhaugur

Staðsetning: N: 65, 25, 23,3000 (-65,42313889) V: 19,00, 31,7000 (-19,00880556)

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, trjárækt

Staðhættir: Eldhúsbrekka er suðaustur frá húsinu í Norður-Vík. Brekka í suðaustur.

Lýsing: Um 3-4 m há brekka í suðaustur í átt að Víkurlæk.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954. Yfirfarið af Arna Gíslasyni í Vík, sem bætti við Eldhúsbrekku. 6. apríl 1966.

Norður-Vík 163072 205 - 3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 25,2000 (-63,42366667) V: 19,00,34,2000 (-19,00950000)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Fjárhúsin í Norður-Vík stóðu í smá brekku á móti suðri frá bílastæði sem nú er á hlaði Norður-Víkur.

Lýsing: Fjárhúsin eru nú horfin.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Norður-Vík 163072 205 - 4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild um hesthús

Staðsetning: N: 63, 25, 25,0000 (-63,42361111) V: 19,00, 30,1000 (-19,00836111)

Horfin: Já

Hættumat: Engin hættu

Staðhættir: Norð-austur frá Norður-Vík í beygju áður en komið er að húsinu upp litla brekku.


Lýsing: Þarna stendur nú lítið hús sem er byggt yfir heitavatnsborholu.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Norður-Vík 163072 205 - 5



Mynd 2 .N-Vík-163072 205-5 og 6. Horft í suðaustur yfir tóftirnar sem eru hlið við hlið í brekkunni fremst á myndinni.



Teikn. 1. N-Vík 163072 205 - 5. Tóft.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 29,1000 (-63,42475000) V: 19,00 , 46,6000 (-19,01294444)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.40 m

Lengd: 12 m

Breidd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Í norður frá Norður-Vík í halla í miðju túni í vestur.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin, hún er eitt hólfið og hefur dyr í vestur. Um 5 m í suðaustur frá þessari tóft er önnur tóft álíka stór og snýr eins.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Norður-Vík 163072 205 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 29,1000 (-63,42475000) V: 19, 46,6000 (-19,01294444)

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 13 m

Breidd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Í norður frá Norður-Vík, í miðju túni í halla,

Lýsing: Tóftin er grasivaxin, hún er eitt hólfið og hefur dyr í vestur. Veggjahleðslur allt að 2 m á suðaustur hlið, en lækka í um 1 m við dyraop. Um 5 m í norður er önnur álíka stór tóft sem snýr eins.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Norður-Vík 163072 205 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild um fjárhús

Staðsetning: N: 63, 25, 33,4000 (-63,42594444) V: 19,00 , 52,3000 (-19,01452778)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Í norður frá Norður-Vík nyrst í túninu við horn/vík á túngarðinum sem liggur þarna rétt norðan við.

Lýsing: Þarna hefur verið sléttað. Ójöfnur í landinu sýna hvar fjárhúsið hefur staðið.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Norður-Vík 163072 205 - 8

Sérheiti: Austurtún

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 57,5000 (-63,43263889) V: 19, 0, 6,5000 (-19,00180556)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Bærinn Norður-Vík stendur vestan lækjarins og aðeins ofar. Austasti hluti túnsins heitir Austurtún.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 9

Sérheiti: Holt

Hlutverk: Tún

Staðsetning: N: 63, 25, 57,0000 (-63,43250000) V: 19, 1, 18,1000 (-19,02169444)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Túnið er austan við ána og lækinn. Hæsta bungan á túninu þar sem vegurinn liggur með girðingunni, heitir Holt.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 10

Sérheiti: Hólatún

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 57,5000 (-63,43263889)V: 19, 0, 6,5000 (-19,00180556)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Austurhluti túnsins heitir Austurtún, sunnan í því er heitir Hólatún.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 11

Sérheiti: Gunnarsblettur

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 19,5000 (-63,42208333) V: 19, 0, 59,1000 (-19,01641667)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Uppi á Bökkunum og inn með Víkurá voru túnblettir.

Lýsing: Neðst og fremst hét Magrasípti, er svo hlaut nafnið Gunnarsblettur.

Aðrar upplýsingar: Túnblettir þessir hétu ýmsum nöfnum eftir þeim sem höfðu þá í það og það skiptið.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 34,3000 (-63,42619444) V: 19,00 , 53,1000 (-19,01475000)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: um 1m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Túngarðurinn er í kringum heimatúnin við Norður-Vík.

Lýsing: Garðurinn er vel sýnilegur og heillegur, hann er þó víða horfinn.

Aðrar upplýsingar: Gps hnit tekin við smá horn í garðinum nyrst í túninu frá Norður-Vík.

Heimildaskrá: Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Norður-Vík 163072 205 - 13



Mynd 3. N-Vík 163072 205 – 13. Horft til norðurs yfir garðhleðslur. Norður-Víkurgerði til hægri innan garðsins. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Sérheiti: Norður-Víkurgerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 41,9000 (-63,42830556) V: 19,00, 06,3000 (-19,00175000)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Í túni austan við gamla þjóðveginn sem liggur fram hjá Suður- og Norður-Vík.


Lýsing: Grjóthlaðinn garður er kringum gerðið. Garðurinn liggur upp að réttinni. Innan gerðisins er nú trjárækt.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 14



Mynd 4. N-Vík 163072 205 – 14. Horft til suðurs yfir Völvuleiði sem er rétt neðan við miðja mynd, ávöl bunga á gilbarminum. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 2. N - Vík 163072 205 - 14. Völvuleiði.

Sérheiti: Völvuleiði

Hlutverk: Leiði

Tegund: Álagablettur

Staðsetning: N: 63, 25, 25,7000 (-63,42380556)V: 19, 00 , 50,8000 (-19,01411111)

Hleðsluhæð: 0.80 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Vestast í túninu syðst í Leyni er stór laut, þar er Völvuleiði. Völvuleiði er á móts við Miðaftansgil og upplýsingaskilti Víkurkaupstaðar á austari gilbarmi Víkurár.

Lýsing: Völvuleiðið sjálft er um 4 x 5 m, kringum það er skeifulaga svæði sem er um 3-4 m breitt og um 1.20 m á dýpt.


Munnmæli: Í því er römm forneskja og má hvorki slá það né hreyfa.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 15



Mynd 5. N-Vík 163072 205 – 15. Horft til norðurs, lengst til hægri á miðri mynd, er smá hæð í landinu þar sem hálfkirkjan á að hafa staðið. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 3. N - Vík 163072 205 – 15.

Sérheiti: Hálfkirkja

Hlutverk: Kirkjustaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 20,0000 (-63,42222222) V: 19,00, 36,3000 (-19,01008333)

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, trjárækt, nýbygging

Staðhættir: Nokkru fyrir norðan Suður-Víkurbæinn beygir gilið til suðurs og stendur bærinn þar á allhárri snarbratti brekkubrún. Þar vestur af er Syngjandinn á milli lækjarins og Víkurár, en á honum var fyrr á öldum hálfkirkja í Vík og sér þar enn móta fyrir rústum hennar.

Lýsing: Á hólnum þar sem hálfkirkjan er sögð hafa verið er bunga sem er aðeins hærri en sjálfur hóllinn. Bungan er um 10 m x 6 m að stærð. Í um 3 m í vestur frá bungunni er garðbrot frá kálgarði. Í kálgarðinn hefur verið plantað trjám og einnig milli hans og hólsins.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985.

Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*.

Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163118 205 - 16

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 19,7000 (-63,42213889) V: 19, , 37,2000 (-19,01033333)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 9 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir: Vestan við og í Bænhúshól er þetta garðbrot. Milli þess og Bænhússhóls hefur verið plantað trjám.

Lýsing: Garðurinn er grasivaxinn, hann er opinn til vesturs, hefur hugsalega verið stærri til vesturs en hann er í dag.

Aðrar upplýsingar: Þarna hafa verið gróðursett tré, sem ekki eru æskileg þarna vegna nálægðar við hugsanlega hálfkirkju. Trjárækt á að vera í 20 m fjarlægð frá fornminjum.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 17

Sérheiti: Syngjandi

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Syngjandi er túnstykki niður undir Hólatúni.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 18

Sérheiti: Syngjandi

Hlutverk: Álfabyggð

Tegund: Frásögn

Heimildamaður: Sigríður Guðmundsdóttir (01050023)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Í suður frá Bænhúshól niður í slakka vestan við ána áður en að hún rennur undir veginn. Syngjandi er túnstykki niður undir Hólatúni.

Lýsing: Engið er nú horfið, en þarna er óslétt graslendi.

Munnmæli: Sigríður Guðmundsdóttir Stigahlíð 10, Reykjavík svaraði spurningum Þjóðháttadeildar Þjóminjasafnsins um huldufólk 1933. Hún segir svo frá: „Ég átti heima í Vík í nokkur misseri fyrir 70 árum. Þar hagar svo til að nes myndast þar sem Víkurlækur rennur í Víkurá. Fremst á nesinu var engi sem nú er horfið með yndislegu blómskrúði, en ofar er stór flöt, nokkuð slétt með svolítilli þúst austar. Þetta er kallað Syngjandi. Þar voru álfar oft á ferð. Á Jónsmessunótt dönsuðu þeir á flötinni og á jólakvöld gengu þeir í skruðgöngu til messu í kirkju sinni, þar sem þústin er.“ Hún segir jafnframt að nú sé búið að stórspilla þessu fallega svæði með virkjunartilburðum, símalögn og fleiru.

Heimildaskrá: *V-Skaftafellssýslu, Mýrdalshreppur, Vík*. Örnefnastofnun. 1993.

Norður-Vík 163072 205 - 19

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 3,0000 (-63,41750000) V: 19,00, 56,4000 (-19,01566667)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.30 m

Lengd: 5-6 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Tóftin er í brekku vestan við vestustu hús við Víkurbraut.

Lýsing: Tóftin er grjóthlaðin inn í brekkuna, hleðsluhæð er þar allt að 1.30 m, og þar renna veggir saman við landið, hliðarveggir um 1m á hæð, byggðir út frá brekkunni. Tóftin er alveg opin til suðausturs.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 20



Mynd 6. N - Vík 163072 205 – 20. Bátaskýli, horft til vesturs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Bátaskýli

Tegund: Hús

Staðsetning: N: 63, 25, 0,5000 (-63,41680556) V: 19,00 , 57,1000 (-19,01586111)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Bátaskýlið stendur við endann á Víkurbraut.

Lýsing: Bátaskýlið er með hlöðnum veggjum sem eru grasivaxnir og bárujárnsþaki, hurð er fyrir skýlinu, en hún er orðin mjög léleg.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 21

Sérheiti: Seilasteinn

Hlutverk: Seil

Tegund: Náttúruminjar

Hættumat: Lítil hættu.

Staðhættir: Víkurbás er þegar komið er inn undir þorpið þar var lengi útræði. Austan við básinn í flæðarmálinu er stór steinn sem heitir Seilasteinn.

Lýsing: Steinninn er í sjó, en sést þó vel.

Aðrar upplýsingar: Ber hann nafn af því að þegar lent var í básnum og fiskurinn seilaður, áður en lent var, voru seilarnar dregnar fyrir framan steininn og austan við hann svo hægara væri að taka hann þar upp á hesta.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 22



Mynd 7. N - Vík 163072 205 – 22. Bandasteinn fyrir miðri mynd, horft í norð-vestur. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Sérheiti: Bandasteinn

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Náttúruminjar

Hættumat: Lítil hættu

Staðsetning: N: 63, 24, 50,7000 (-63,41408333) V: 19, 01, 12,9000 (-19,02025000)

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Steinn þessi er undir Reynisfjalli, í vestur frá þorpinu, út að Reynisdröngum, upp af honum er Eystra-Blánef.


Lýsing: Á Bandasteini voru þurrkuð og geymd skipabönd.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 23



Mynd 8. N- Vík 163072 205 – 23. Horft í suðvestur upp að tóftinni þar sem hún ber í Reynisfjall. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 4. N - Vík 163072 205 – 23. Tóft.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 24, 49,3000 (-63,41369444)V: 19, 01, 13,5000 (-19,02041667)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.50 m

Lengd: 9 m

Breidd: 5-8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir: Tóftin er vestan við minnismerki sem reist hefur verið á leiðinni að útsýnisstað að Reynisdröngum.


Lýsing: Tóftin er grasivaxin og virðist vera hlaðin inn í brekku eða sandhól, ytri veggir tófarinnar renna að mestu saman við landið í kring. Veggjahæð tóftarinnar er um 1.50 m. Hún er opin til norðausturs, frá u.þ.b. miðri vesturhlið liggur garður um 3-4 m langur í vestur.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 24



Mynd 9. N - Vík 163072 205 – 24. Horft til norðurs yfir tóftina sem er í vegkantinum til hægri. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 5. N - Vík 163072 205 – 24. Tóft.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 24, 51,0000 (-63,41416667) V: 19, 1, 12,4000 (-19,02011111)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.50 m

Lengd: 14 m

Breidd: 6-7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir: Frá Bandasteini austan við vegarslóða sem liggur frá Víkurkaupstað undir Reynisfjalli til suðurs að sjó.


Lýsing: Tóftin er fast austan við vegarslóða. Veggir tóftarinnar renna að mestu saman við landið í kring. Veggjahleðslur má sjá í austurhlið tóftarinnar. Veggjahæð tóftarinnar er um 1.50 m.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 25



Mynd 10. N - Vík 163072 205 – 25. Horft til suðurs, tóftin fyrir neðan miðja mynd.
Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 6. N - Vík 163072 205 – 25. Tóft.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 24, 50,3000 (-63,41397222) V: 19, 01, 13,5000 (-19,02041667)

Þvermál: 2-4 m

Hleðsluhæð: 0.40-1.50 m

Lengd: 10-11 m

Breidd: 8-12 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir: Tóftin er um 30 m í suður frá Bandasteini, vestan við vegarslóða sem liggur undir Reynisfjalli.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin. Austurveggur tóftarinnar er um 0.40 m á hæð, en vesturveggur rennur saman við landið í kring. Tóftin er opin í báða enda, hleðslur sjást við suður op tóftarinnar.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 – 26

Staðsetning: Undir Reynisfjalli.

Hlutverk: Kálgarðar

Tegund: Garðlag

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Frá syðstu húsum í Vík og út að sjó eru þessir kálgarðar undir Reynisfjalli, niður á jafnsléttu og aðeins upp í brekkur Reynisfjalls.

Lýsing: Á þessu svæði eru ótal margir kálgarðar og eru miklir hlaðnir veggir í kringum þá. Þessir kálgarðar eru notaðir enn í dag, og er uppskera úr þeim mikil og góð.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 27



Mynd 11. N - Vík 163072 205 – 27. Kofi undir Reynisfjalli. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Kofi
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: N: 63, 24, 54,7000 (-63,41519444) V: 19,1, 10,6000 (-19,01961111)
Lengd: 5-6 m
Breidd: 4-6 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð, vegagerð
Staðhættir: Við vegarslóða sem liggur frá syðstu húsum Víkur út að sjó undir Reynisfjalli. Kofinn er upp af hesthúsum.
Lýsing: Kofinn er heillegur. Hann er grasivaxinn og hefur hurð í suðaustur. Hann er um 2 m hár.
Aðrar upplýsingar: Slíkir kofar voru m.a. notaðir sem kartöflugeymslur.
Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 28



Mynd 12. N - Vík 163072 205 – 28. Kofi undir Reynisfjalli. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Kofi
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: N: 63, 24, 59,2000 (-63,41644444) V: 19, 1, 03,2000 (-19,01755556)
Þvermál: 2 m
Hleðsluhæð: 4 m
Lengd: 9 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð, vegagerð

Staðhættir: Kofinn er um 8 m vestan við vegarslóða sem liggur frá Vík í suður út að sjó undir Reynisfjall.


Lýsing: Kofinn er byggður utan í klett, hann er grasivaxinn og um 4 m hár, dyr eru í suðaustur.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 29



Mynd 13. N -- Vík 163072 205 – 29. Kofi undir Reynisfjalli. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 7. N - Vík 163072 205 – 29. Kofi.

Hlutverk: Kofi

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 63, 24, 59,1000 (-63,41641667) V: 19, 01,0 4,3000 (-19,01786111)

Hleðsluhæð: 2.40 m

Lengd: 5-6 m

Breidd: 4-5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vegagerð

Staðhættir: Við vegarslóða sem liggur undir Reynisfjalli út að sjó í kálgarðalandi.

Lýsing: Kofinn er heillegur að sjá. Dyr eru í suðaustur, og að þeim er grjóthlaðinn gangur um 1.20 m hár. Upp af innganginum í suður er hleðsla í kringum kálgarð.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 30



Mynd 14. N - Vík 163072 205 – 30. Kofi undir Reynisfjalli. Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Kofi

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 63, 24, 59,4000 (-63,41650000) V: 19, 01, 04,6000 (-19,01794444)

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 8-9 m

Breidd: 5-7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vegagerð

Staðhættir: Við vegarslóða sem liggur út að sjó undir Reynisfjalli í kálgarðalandi.

Lýsing: Kofinn er heillegur suðausturveggur hans byggður utan í klett, suðvesturveggur er hlaðinn og sjást þær hleðslur vel. Frá suðausturhlið kofans gengur garðlag um 10-12 m langt og 0.70 m breitt út að vegarslóðanum.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004

Norður-Vík 163072 205 - 31



Mynd 15. N - Vík 163072 205 – 31. Veggir gömlu smiðjunnar standa enn, horft til suðurs. Ljósmynd:Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 20,1000 (-63,42225000) V: 19, 43,3000 (-19,01202778)

Þvermál: 0.40 m

Hleðsluhæð: 1.80 m

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Niður við Víkurána, austan við gömlu rafstöðina.

Lýsing: Uppi standa steyptir veggir smiðjunnar á þrjá vegu, en fjórði veggurinn er klettur.

Aðrar upplýsingar: Smiðjan var notuð sem járnsmiðja og geymsla.

Heimildaskrá: Viðtal við Ólaf Þórðarson 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 32



Mynd 16. N - Vík 163072 205 – 32. Það sem eftir er af fyrstu rafstöð Víkur, fyrir miðri mynd, til hægri er rafstöðvarhús sem var byggt 1936. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Sérheiti: Rafstöð

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 20,4000 (-63,42233333) V: 19,00, 43,3000 (-19,01202778)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Í Vikurgili við Víkurána.

Lýsing: Eftir standa af rafstöðinni L-laga steiptir veggir af kjallara hússins.

Aðrar upplýsingar: Rafstöð var byggð í Vík árið 1913, og þá átti stöðin að framleiða minnst 12 hestöfl. Kostaði hún fullbúin um 10.000 krónur. Húsið var steiptur kjallari, hæð og ris úr timbri. Húsið brann 13. desember 1937.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 381-383.

Viðtal við Ólaf Þórðarson 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 33

Sérheiti: Rafstöð

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Hús

Staðsetning: N: 63, 25, 20,4000 (-63,42233333) V: 19,00, 43,3000 (-19,01202778)

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Í Víkurgili.

Lýsing: Uppsteypt hús sem stendur enn, var síðast notað fyrir fiskeldi.

Aðrar upplýsingar: Rafstöð var byggð í Vík árið 1913. Átti stöðin að framleiða minnst 12 hestöfl, og kostaði hún fullbúin um 10.000 krónur. Stöð þessi brann í desember 1937. Stöðin var látin nægja til ársins 1936, en þá var byggð ný rafstöð í Víkurgili. Hún var lögð niður árið 1938, vegna galla í vélum. Ný rafstöð var þá reist nokkru neðar í giliinu.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 381-383.

Norður-Vík 163072 205 - 34

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 11,6000 (-63,41988889) V: 19,36,9000 (-19,01025000)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0.40 m

Lengd: 25 m

Breidd: 14 m

Hættumat: Lítil hætta


Hættuorsök: Ábúð, nýbygging

Staðhættir: Kálgarðurinn er á óbyggðu svæði milli Mýrarbrautar og Bakkabrautar.

Lýsing: Hleðslur í kringum garðinn eru grasivaxnar. Garðurinn er opinn til austurs.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 35



Teikn. 8.N - Vík 163072 205 - 35. Tóft.

Sérheiti: Borgarhóll

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 20,5000 (-63,42236111) V: 19,00, 53,9000 (-19,01497222)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 10 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Nyrst við gil sem heitir Miðaftansgil, þar er Borgarhóll.


Lýsing: Á Borgarhól voru fjárhús. Tóft fjárhúsanna er fremur illa farin, hrunið hefur úr henni og hún er alveg opin til vesturs. Ekki sést móta fyrir milliveggjum.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Norður-Vík 163072 205 - 36



Mynd 17. N - Vík 163072 205 – 36. Vík Horft í vestur, séð yfir tóft og garðahleðslu sem liggur út frá miðjum gaflvegg tóftarinnar. Ljósmynd:Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 9. N – Vik 163072 205 – 36. Tóft.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 9,6000 (-63,41933333) V: 19,00 ,59,0000 (-19,01638889)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.40 m

Lengd: 5-6 m

Breidd: 6-7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt, ábúð

Staðhættir: Vestan við veg á beinum kafla sem liggur upp á Reynisfjall, fyrir ofan Víkurkaupstað.

Lýsing: Tóftin er grjóthlaðin, hún er alveg opin til austurs. Garðhleðsla er vestan við tóftina. Þar hefur verið kálgarður.


Aðrar upplýsingar: Veggir tóftarinnar eru hlaðnir af Magnúsi Ingileifssyni (05.03.1888-15.12.1967).

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 37



Mynd 18. N - Vík 163072 205 – 37. Vík Horft í austur af veginum sem liggur upp á Reynisfjall yfir tóftina, milli hennar og girðingarinnar liggur gamli þjóðvegurinn upp á Reynisfjall. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 10. N - Vík. 163072 205 - 37 Þúst.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Þúst

Staðsetning: N: 63, 25, 9,3000 (-63,41925000) V: 19,00, 57,6000 (-19,01600000)

Lengd: 12-13 m

Breidd: 5-6 m

Ástand: Vonlaust

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Austan við veg sem liggur upp á Reynisfjall, á beinum kafla, fyrir ofan Víkurkaupstað. Austan við tóftina liggur gamli vegurinn á Reynisfjall.

Lýsing: Tóftin er fallin saman og er eins og stór hrúga.


Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 38



Mynd 19. N – Vík 163072 205 - 38.

Horft til austurs yfir tóftina. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 11. N - Vík 163072 205 - 38.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 7,9000 (-63,41886111) V: 19,00 , 58,7000 (-19,01630556)

Lengd: 10 m

Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt, vegagerð

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.90 m

Staðhættir: Austan við veg sem liggur upp á Reynisfjall, á beinum kafla fyrir ofan Víkurkaupstað.


Lýsing: Tóftin er grasivaxin, en sést í grjóthleðslur. Tóftin er tvö hólf og er opin til austurs.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 39



*Mynd 20. N-Vík 163072 205 - 39. Horft í vestur inn í inngang tóftarinnar.
Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.*



Teikn. 12. N - Vík 163072 205 - 39.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 6,3000 (-63,41841667) V: 19, 01, 05,8000 (-19,01827778)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.50 m

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt, vegagerð.

Staðhættir: Frá beinum kafla á vegi sem liggur upp á Reynisfjall vestan við beygju á veginum.

Lýsing: Tóftin er grjóthlaðin og sést vel í hleðslur. Hún er opin til suðausturs, í veggnum við dyraopið er komið fyrir tundurdufli sem skorið hefur verið ofan af og það notað sem vatnsgeymir.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 40

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Ástand: Slæmt

Hættumat: Vegagerð, ábúð

Staðhættir: Vegurinn liggur aðeins austar og neðar en núverandi beinn kafla á veginum á Reynisfjall. Vegurinn liggur meðfram girðingu sem liggur þarna norður-suður.

Lýsing: Vegurinn er um 2-3 m breiður þar sem hann sést ennþá, hann er að mestu grasivaxinn.

Aðrar upplýsingar: Tóft sem er rétt vestan við vegin hefur Gps hnit:

N: 63, 25, 9,3000 (-63,41925000) V: 19,00, 57,6000 (-19,01600000)

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 41

Hlutverk: Þjóðvegur

Tegund: Vegur

Ástand: Slæmt

Hættumat: Vegagerð, ábúð

Staðhættir: Gamli þjóðvegurinn liggur um hlaðið á Suður-Vík og liggur svo í norðvestur fram hjá Norður-Vík í smá beygjum og hlykkjum um skorninga.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Norður-Vík 163072 205 - 42



*Mynd 21. N - Vík 163118 205 – 42. Horft til norðurs yfir stríðsminjar í Vík.
Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.*

Sérheiti: Stríðsminjar

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 11,0000 (-63,41972222) V: 19,00 , 36,7000 (-19,01019444)

Lengd: 12 m

Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Húsatóft þessi er á opnu svæði milli Mýrarbrautar, Bakkabrautar og Árbrautar.

Lýsing: Veggir eru uppsteyptir og er tóftin opin til vesturs, veggir og gluggaop sem eftir standa eru nokkuð heilleg.

Aðrar upplýsingar: Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar voru breskir og bandarískir hermenn í Vík. Herinn byggði braggahverfi uppi á Bökkunum og voru aðalstöðvar hans þar. Herinn stóð fyrir ýmsum framkvæmdum í og við Vík á þessum árum.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 384.

FORNLEIFASKRÁNING SUÐUR-VÍK

Suður-Vík 163118 205 - 1

Sérheiti: Suður-Vík

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hús

Aldur: 1902

Staðsetning: N: 63, 25, 21,6000 (-63,42266667) V: 19,00 28,3000 (-19,00786111)

Ástand: Gott

Aðrar upplýsingar: Íbúðarhúsið er byggt árið 1902 af Sveini Ólafssyni og Erasmusi Elíassyni. Húsið er járnklætt timburhús, tvær hæðir og kjallari. Á neðri hæð er eldhús, búr og fimm herbergi, á efri hæð fimm herbergi. Í kjallara eru geymslur. Húsið hefur að hluta til verið notað fyrir elliheimili og núna eingöngu sem dagheimili fyrir börn. Ábúendur frá 1891: Halldór Jónsson og Matthildur Ólafsdóttir 1891-1926. Jón Halldórsson í félagsbúi með Ólafi Halldórssyni og Ágústu Vigfúsdóttur 1926-1934. Síðan bjó Jón í félagsbúi með Ágústu Vigfúsdóttur 1934-1937, en eftir það einn til dánardags 31.12 1964. Síðstu ábúendur voru Karl J. Gunnarsson f. 1926, og Oddný G. Þórðardóttir f. 1929.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 396-397.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Nánar vísað í húsaskrá sem er fylgiskjal með þessari fornleifaskráningu.

Suður-Vík 163118 205 - 2



Mynd 1. S - Vík 163118 205 - 1. Horft í austur Eldhúsbrekka Suður-Víkur. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Sérheiti: Eldhúsbrekka

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Öskuhaugur

Staðsetning: N: 65, 25, 21,2000 (-65,42255556) V: 19,00 , 30,9000 (-19,00858333)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Skógrækt

Staðhættir: Vestan við bæinn Suður-Vík er brekka sem hallar niður að Víkurlæknum, heitir hún Eldhúsbrekka.

Lýsing: Um 6-8 m há moldarbrekka niður að Víkurlæk. Í brekkuna hafa verið gróðursett tré að hluta.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Hús

Byggingarár: 1902/27/35

Staðsetning: N: 63, 25, 21,6000 (-63,42266667)V: 19, 00, 28,3000 (-19,00786111)

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Á hlaðinu í Suður Vík. Í fjósinu er nú áhaldahús Víkurkaupstaðar.

Aðrar upplýsingar: Fjosið var fyrir 16 kyr.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985,396-397.

Nánar vísað í húsaskrá sem er fylgiskjal með þessari fornleifaskráningu.

Suður-Vík 163118 205 - 4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 22,1000 (-63,42280556) V: 19,00 26,8000 (-19,00744444)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Fyrir austan hlaðið við Suður-Vík.

Lýsing: Þarna hefur nú verið sléttað.

Aðrar upplýsingar: Hesthúsið var fyrir 12 hross.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985,396-397.

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort 1928.

Suður-Vík 163118 205 - 5

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 24,4000 (-63,42344444) V: 19,00, 23,5000 (-19,00652778)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Hlaðan hefur verið í norður frá hlaðinu á Suður-Vík, austan við veg að Norður-Vík.


Lýsing: Þarna hefur nú verið sléttað.

Aðrar upplýsingar: Hlaða og votheysgryfja.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 396-397

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Suður-Vík 163118 205 -6



Teikn. 1 . S - Vik 163118 205 – 6. Tóft.

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 25,2000 (-63,42366667) V: 19,00. 22,4000 (-19,00622222)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 6-7 m

Breidd: 3-5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Rétt norðan við hlaðið á Suður-Vík austan við veginn að Norður-Vík.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin, ekki sést í hleðslur. Hluti af millivegg sést á suðurhlið tóftarinnar. Hún er alveg opin til vesturs.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Suður-Vík 163118 205 - 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Austan við hlaðið í SuðurVík. Þarna standa nú nýlega byggð íbúðarhús.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Suður-Vík 163118 205 - 8

Sérheiti: Heimaland

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 30,6000 (-63,42516667) V: 19, 0, 45,7000 (-19,01269444)

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Sunnan við bæinn er túnið kallað Heimaland.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 9

S

Sérheiti: Fjósakinn

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 36,0000 (-63,42666667) V: 19, 0, 42,3000 (-19,01175000)

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Austan við veginn sem liggur um hlaðið heitir Fjósakinn.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 10

Sérheiti: Rani

Hlutverk: Tún

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 22,7000 (-63,42297222) V: 19, 0, 42,8000 (-19,01188889)

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Suðvesturhorn túnsins heitir Rani.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 11

Sérheiti: Grákolluleiði

Hlutverk: Leiði

Tegund: Þjóðsaga, heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 17,1000 (-63,42141667) V: 19,00, 27,5000 (-19,00763889)

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir: Þar sem nú stendur húsið Suðurvíkurvegur 2, var Grákolluleiði. Í Örnefnaskrá segir: Niður að læknum og neðan hans er Grákolluflötur. Þess má geta að vegurinn liggur kringum hann. Á Grákollufleti er Grákolluleiði.

Lýsing: Árni Gíslason í Vík segir svo um Grákolluleiði 1966, þá rúmlega áttæður: Grákolluleiði var aflangt og séri austur-vestur. Þar átti að vera grafín kona sem hét Grákolla (ekki Grákatla og ekki kona Lodda). Leiðið er hér um bil þar sem vegurinn liggur upp að Suður-Vík austan við hann nálægt afleggjaranum upp að gamla læknisbústaðnum.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Árni Gíslason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1966.

Suður-Vík 163118 205 - 12

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild um sjóbúð

Staðsetning: N: 63, 25, 12,4000 (-63,42011111)V: 19,00, 23,4000 (-19,00650000)

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætt

Staðhættir: Frá heilsugæslustöðinni í suðvestur út á grasivaxna hæð sem er fyrir ofan húsið Hlíð við Austurveg.


Lýsing: Þarna hefur verið sléttað.

Heimildaskrá: Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Suður-Vík 163118 205 - 13



Mynd 2. S - Vík 163118 205 – 13. Horft í austur. Fremst til vinstri á myndinni sést í garðlag. Ofan við það er tóftin og til hægri sést í garðinn sem er við suðurhlið tóftarinnar. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 2. S- Vík 163118 205 – 13. Tóft og túngarður.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft, túngarður

Staðsetning: N: 63, 25, 25,8000 (-63,42383333) V: 19,00 , 14,3000 (-19,00397222)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Tóftir og garðar í túni norðan kirkjugarðs, í slakka innan við gaddavírsgirðingu við mógrafir.

Lýsing: Þarna eru tóftir og garðar. Stærsta tóftin er um 12 m x 9-10 m og hleðsluhæð 0.90 m. Tóftin er eitt hólf með smá útskoti í endanum. Tóftin er opin til norðurs og er grasivaxin, en sést þó í einstaka hleðslur. Við suðurhlið tóftarinnar er garður sem liggur í austur vestur um 2 m breiður og 1 m á hæð. Í austur er hann um 35 m

langur, og í vestur um 25 m langur. Frá austur-framhlið tóftarinnar er svo garður um 15 m langur til austurs. Við vesturhlið tóftarinnar er grasivaxið garðlag sem er 5 m x 6 m x 3 m, hleðsluhæð um 0.50 m og veggjaþykkt 0.50 m.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1928.

Suður-Vík 163118 205 - 14

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: N: 63, 25, 26,8000 (-63,42411111) V: 19,00 ,7,4000 (-19,00205556)

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir: Norður við Suður-Víkurtúnið eru mógrafir og Mógrafargil. Mógrafirnar eru í norð-vestur frá kirkjugarði í slakka norðan við garðinn sem liggur suður-norður vestan kirkjugarðsins.

Aðrar upplýsingar: Gróðursett hafa verið tré á svæðinu.


Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 15



Mynd 3. S - Vík 163118 205 - 15

Horft yfir tóftina til austurs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 3. S - Vik 163118 205 - 15. Tóft.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 22,9000 (-63,42302778) V: 19,00 , 18,2000 (-19,00505556)

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 1.80 m

Lengd: 10-13 m

Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættuorsök: Ábúð, nýbygging

Staðhættir: Tóftin er önnur af tveimur tóftum sem eru vestan við kirkjugarðinn, neðan garðs sem liggur norður-suður.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin. Hún er frekar illa farin af mannvöldum, hún er 1.30 m djúp. Veggjahæð þar fyrir ofan er um 0.50 m, veggir renna saman við landið í kring að hluta. Tóftin er opin til vesturs, óljós milliveggur er um miðja tóftina.

Aðrar upplýsingar: Grjót hefur verið fjarlægt í óleyfi úr tóftinni og það notað í hleðslur.


Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Viðtal við Svein Pálsson sveitarstjóra 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 16



Mynd 4. S - Vík 163118 205 - 16. Horft yfir tóftina til austurs. Ljósmynd:Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 4. S - Vík 163118 205 - 16. Tóft.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 22,3000 (-63,42286111) V: 19,00 , 16,1000 (-19,00447222)

Þvermál: 1-3 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 10-11 m

Breidd: 9 m

Ástand: Slæmt

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Vestan við kirkjugarð, neðan við garðlag sem liggur suður-norður.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin, hún er hefur eitt hólf sem er opið til vesturs, hefur greinilega verið hreinsað úr því með vinnuvél, því gólf tófarinnar er allt slétt og vel afmarkað. Við enda tóftarinnar er rými, en enginn inngangur í það, dyraopið hefur fallið saman.

Aðrar upplýsingar: Grjót hefur verið fjarlægt úr veggjum tóftarinnar.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Viðtal við Svein Pálsson sveitarstjóra 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 17

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 22,2000 (-63,42283333) V: 19,00, 18,0000 (-19,00500000)

Hættumat: Lítil hætta.

Staðhættir: Í vestur fá kirkjugarði neðan við garðlag sem liggur suður-norður, þarna eru fyrir tvær tóftir.

Lýsing: Mörg ógreinileg merki um fjárhúsið. Þarna hefur verið sléttað.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Suður-Vík 163118 205 - 18



*Mynd 5. S - Vík 163118 205 – 18. Horft til suðurs yfir garðinn í átt að kirkjugarðinum.
Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.*

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 22,7000 (-63,42297222) V: 19, 00,09,2000 (-19,00255556)

Dvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 50 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Garðurinn er í norðvestur frá norðvesturhlið kirkjugarðs.

Lýsing: Garðurinn liggur suður - norður, um 1 m breidd, rof er í garðinn í norðvesturhluta hans.


Aðrar upplýsingar: Garðurinn er á Túnakorti frá 1928, hugsanlegt er að þetta hafi upphaflega verið skurður, á T.únakortinu eru ekki gefnar neinar skýringar varðandi þetta.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.
Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 19



Mynd 6. S - Vík 163118 205 - 19. Kálgarðurinn til vinstri við túngarð Suður-Víkur sem er á miðri mynd.



Teikn. 5. S - Vík 163118 205 - 19. Garðlag.

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 23,5000 (-63,42319444) V: 18, 59, 44,7000 (-18,99575000)

Þvermál: 0.60 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 14 m

Breidd: 2-7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir: Í austur frá kirkjugarði. Upp við suðausturhorn túngarðsins í Suður-Vík.


Lýsing: Kálgarðurinn er hlaðinn út úr túngarðinum. Í garðinum hafa verið gróðursett tré.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 20



Mynd 7. S - Vík 163118 205 – 20. Horft yfir tóftina til austurs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 6. S - Vík 163118 205 – 20. Tóft og gerði.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Gerði

Staðsetning: N: 65, 25, 16,7000 (-65,42130556) V: 19,00 , 7,7000 (-19,00213889)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Norðan við bílastæði við Víkurkirkju, í brekku móti suðri.

Lýsing: Þetta er tóft fjárhúsa, og garður norðan við tóftina. Garðurinn liggur í smá stöllum í brekku. Vestan við þennan garð er annar garður sem liggur í norðvestur, beygir síðan til austurs, og er hann grasivaxinn, en opinn til suðurs í átt að kirkjunni.

Tóftin sjálf er 8 m x 7 m x 1.20 m, veggjaþykkt um 1 m. Grjóthleðslur í norðurvegg nokkuð heillegar, grjót í vesturvegg sýnilegt, þar er þakið fallið yfir tóftina. Á austari tóft hangir þakið uppi fremst, en hrúnið yfir tóftina þar fyrir innan. Við austurvegg tóftarinnar er grjót, á víð og dreif sem gæti verið frá veggjahleðslu sem verið hefur austan við tóftina. Frá austurhlið tóftarinnar er túngarður Suður-Víkur. Hann liggur í austur framhjá kirkjugarðinum, en þar er rof í garðinn vegna vegarslóða sem þarna er. **Heimildaskrá:** Vettvangsrannsókn 7/4 2004

Suður-Vík 163118 205 - 21



Mynd 8. S - Vík 163118 205 – 21. Horft yfir garðinn til austurs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 18,7000 (-63,42186111) V: 18, 59, 55,9000 (-18,99886111)

Þvermál: 050 - 0.70 m

Hleðsluhæð: 0.30 - 0.70 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Garðurinn liggur frá tóft sem er norðan við bílastæði Víkurkirkju í austur yfir vegarslóða að kirkjugarði og enn lengra til austurs, beygir síðan til norðurs í kringum tún í brekku mót vestri.

Lýsing: Garðurinn er grasivaxinn að hluta. Hann er ein- og tvíhlaðinn grjóti og er um 0.50-0.70 m á breidd, hæð allt að 0.70 m, en meirihluti hans yfirleitt lægri, 0.30 m.


Aðrar upplýsingar: Garður þessi er túngarðurinn sem lá í kringum túnin í Suður-Vík og sést á Túnakorti frá 1928. Garðurinn er nokkuð heill, en rof eru þó í hann vegna seinni tíma þarfa. Gps hnit tekinn austan við kirkjugarð. N: 63.25.18,7 V: 18.59.55,9. Á suðaustur horni garðsins, áður en að hann beygir til norðurs N: 63.25.24,7 V:18.59.41.8.

Heimildaskrá: *Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.*
Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 22



Mynd 9. S - Vík 163118 205 -22. Horft yfir kálgarðinn til vesturs, gjóta fremst á myndinni. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 7. S - Vík 163118 205 - 22 . Garðlag.

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 20,8000 (-63,42244444) V: 18, 59, 49,0000 (-18,99694444)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 17 m

Breidd: 6-8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir: Í austur frá kirkjugarði í slakka í um 10 m í suður frá túngarðinum sem þarna liggur austur-vestur.

Lýsing: Kálgarðurinn hefur grasivaxna vegg, og er í slakka í skjóli fyrir vindum. Um 4 m frá suðaustur horni kálgarðsins er gjóta um 1.30 m djúp og stærðin er 1 m x 1.5 m. Mótar fyrir einhverskonar inngangi í tóftina í suð-austur horni hennar. Efri brúnir veggjanna renna saman við landið í kring

Aðrar upplýsingar: Tré hafa verið gróðursett tré innan veggja garðsins og í nánasta umhverfi hans.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 23



Mynd 10. S - Vík 163118 205 - 23. Horft yfi kálgarða sem eru beggja megin við garðinn sem er fyrir miðri mynd. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 23, 25, 14,7000 (-23,42075000) V: 19,00, 15,3000 (-19,00425000)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt, nýbygging.

Staðhættir: Í brekku vestur og niður frá Víkurkirkju.


Lýsing: Þarna liggur túngarðurinn frá Suður-Vík að hluta, og út frá honum kálgarðar.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 24



Mynd 11. S - Vík 163118 205 - 24. Horft til norðurs. Fyrir neðan miðja mynd uppistöðulón myllunnar með hleðslum. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 8. S - Vík 163118 205 - 24. Hleðsla.

Sérheiti: Myllugil

Hlutverk: Mylla

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 63, 25, 27,8000 (-63,42438889) V: 19,00 , 21,6000 (-19,00600000)

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Í Víkurlæk er Myllugil, hér hefur verið kornmylla í manna minnum. Við vegarspotta sem liggur frá Norður-Vík í norður þar sem lækur frá mógröfum rennur saman við Víkurlæk.

Lýsing: Þarna sést móta fyrir hleðslum sem hafa myndað lón fyrir mylluna.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 25

Sérheiti: Suður-Víkurgerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 35,6000 (-63,42655556) V: 19,00, 21,1000 (-19,00586111)

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Við vegarslóða sem liggur upp að skógræktarsvæði innan við hlaðna garða sem eru í túni í norðaustur frá Vík.

Lýsing: Þarna hefur verið sléttað.


Aðrar upplýsingar: Fjárhúsin voru jöfnuð um 1975, hleðslugrjótið úr þeim hefur síðan verið nýtt í nýrri hleðslu sem gerðar hafa verið á vegum Víkurkaupstaðar.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 26



Mynd 12. S - Vík 163118 205 - 26. Horft úr vestasta hluta réttarinnar inn í almenningin. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 9. S - Vík 163118 205 - 26. Rétt.

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 63, 25, 42,1000 (-63,42836111) V: 19,00 ,05,4000 (-19,00150000)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.20 m

Lengd: 41 m

Breidd: 12 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir: Í túni fyrir norðan Víkurkaupstað, vestan við túnið þar sem gamli þjóðvegurinn liggur upp frá Vík. Þar eru miklir grjóthlaðnir garðar sem tilheyrðu Norður-Víkurgerði næst réttinni, þar er trjárækt. Suður-Víkurgerði er vestar, á því svæði hefur ekki verið gróðursett.

Lýsing: Réttin er grjóthlaðin, hún skiptist í þrjú hólfi. Stærsta hólfið í miðju var almenningur. Dilkar norður- og suður. Hleðslur í réttarveggjunum eru ennþá nokkuð heillegar, þótt eitthvað hafi hrunið úr þeim.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn með Ólafi Þórðarsyni 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 27

Sérheiti: Suður-Víkurgerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: Sáðslétta

Staðsetning: N: 63, 25, 37,4000 (-63,42705556) V: 19,00 , 16,4000 (-19,00455556)

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Trjárækt

Staðhættir: Í túni norður frá Vík. í austur frá gamla þjóðveginum sem liggur þarna um. Tún Suður-Víkur eru í hliðarbrekku suðaustur frá bænum og sléttlendi þar fyrir ofan norður af skerinu sem Víkurkirkja stendur nú á. Einnig á jörðin túnspildu nokkru norðar á svokölluðu Gerði.

Lýsing: Gerðið liggur innan hlaðins grjótgarðs sem er opinn til vesturs.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 396.

Vettvangsrannsókn 16/4 2004 með Ólafi Þórðarsyni.

Suður-Vík 163118 205 - 28

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63, 25, 13,5000 (-63,42041667) V: 19,00 , 38,6000 (-19,01072222)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.50 m

Lengd: 4 m

Breidd: 8-9 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Kálgarðurinn er austan við Mýrarbraut á opnu svæði.

Lýsing: Kálgarðurinn er hlaðinn utan í brekku, hann er áberandi í landinu þar sem hliðar hans sem vísa frá brekkunni eru mjög háar, allt að 1.60 m. Veggir eru grasivaxnir, ekki sést í hleðslur.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 16/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 29



Mynd 13. S - Vík 163118 205 - 29. Horft yfir tóftina til vesturs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 10. S - Vík 163118 205 - 29. Tóft.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 20,8000 (-63,42244444) V: 18, 57, 5,7000 (-18,95158333)

Dvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 12-13 m

Breidd: 12 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, nýbygging

Staðhættir: Á Smjörflöt. Norðaustan við gamla þjóðveginn í túni norðaustan við golfvöll.

Lýsing: Tóftin er mosa- og grasivaxin og eru tvö hólf, þak hangir uppi fremst yfir austari tóftinni. Grjóthleðslur sjást vel í veggjum.

Aðrar upplýsingar: Tóftin er ofan þjóðvegarins. Hún er utan austurmarka loftmyndar skráningarsvæðisins, en vegalengdin mæld frá gatnamótum þjóðvegar og bílvegar frá tjaldstæði er sýnd á loftmyndinni.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 30

Hlutverk: Vörugeymsla

Sérheiti: Brydebúð

Staðhættir: Til að betur gengi að koma vörunum í skjól lét J.P.T Brydeverslun leggja járnbrautarteina frá sjó og upp að vörugeymslu sinni rétt fyrir aldamót og Verslun Halldórs Jónssonar skömmu síðar. Vörur voru fluttar sjóleiðis til Víkur fram undir 1940, en þá var búið að brúa flest stórfljót á Suðurlandi.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. Reykjavík. 1985, 379-380.

Sjá nánar í húsakrá sem er fylgirit með þessari fornleifaskráningu.

Suður-Vík 163118 205 - 31

Hlutverk: Járnbraut - Vörufluttningar

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 63, 25, 2,7000 (-63,41741667) V: 19, 0, 50,0000 (-19,01388889)

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Rétt fyrir aldamót (1800-1900) lét J.P.T Brydeverslun leggja járnbrautarteina til að betur gengi að koma vörunum í skjól frá sjó, upp að vörugeymslu sinni. Skömmu síðar einnig upp að Verslun Halldórs Jónssonar. Vörur voru fluttar sjóleiðis til Víkur fram undir 1940, en þá var búið að brúa flest stórfljót á Suðurlandi.

Aðrar upplýsingar: Að sögn Sveins Pálssonar sveitastjóra er ennþá til vagn og teinar sem tilheyru járnbrautinni, og er vonast til að þessir hlutir geti verið til sýnis þegar viðeigandi húsnæði er fyrir hendi.

Heimildaskrá: *Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing*. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. Reykjavík. 1985, 379-380.

Viðtal við Svein Pálsson 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 -32



Mynd 14. S - Vík 163118 205 - 32. Horft til austurs yfir tóft smiðjunnar. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 63, 25, 10,0000 (-63,41944444) V: 19,00, 16,5000 (-19,00458333)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1.60 m

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Smiðjutóftin er við Kirkjuveg 4.

Lýsing: Tóftin er grjóthlaðin, hún er alveg opin til suðurs.

Aðrar upplýsingar: Smiðjuna sem var járnsmiðja, byggði Björn Björnsson (1887 - 1984), og hann notaði hana síðastur. Hugmyndir hafa verið uppi um að reyna að endurbyggja smiðjuna.

Heimildir: Vettvangsrannsókn og viðtal við Svein Pálsson 7/4 2004.

Suður-Vík 163118 205 - 33

Sérheiti: Hellar

Hlutverk: Ýmislegt

Aðrar upplýsingar: Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir hann frá ferð sinni um Suðurland árið 1794. Þá kom hann á bæinn Vík í Mýrdal. Segir hann að fólk í þessu byggðarlagi viðhaldi hinum góða og gamla seljabúskap: „Mjólkurpeningur er hafður uppi til fjalls fram eftir sumrinu. Eru í því skyni notaðir allmargir hellar sem bersýnilega eru myndaðir af jarðeldi og líkjast mjög af allri gerð Mögugilshellinum.


Þar sem innra borð þeirra minnir á eða svarar jafnvel nákvæmlega til hinna fjölmörgu snáfellinga og hólfa í maga jörturdýranna, hafa nágrannarnir einkum í Reynishverfinu gefið hverjum helli nafn, og kallast einn samkvæmt því Laki, annar Keppur, þriðji Vinstur, fjórði Vömb og þar fram eftir götunum, en slík nöfn nota Íslendingar um kindarmaga.“

Heimildaskrá: Sveinn Pálsson. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797, I.bindi.* Reykjavík. 1983, 350.

Suður-Vík 163118 205 - 34



Mynd 15. S - Vík 163118 205 – 34. Hleðslur byrgisins, horft í suðvestur. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.



Teikn. 11. S - Vík 163118 205 – 34. Hleðsla.

Sérheiti: Víkurbaðstofa

Hlutverk: Byrgi (syðra)

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: N: 63, 25, 12,9000 (-63,42025000) V: 18, 57, 51,8000 (-18,96438889)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Við austurenda golfvallar. Framan við Klettsurð er Víkurklettur sem gengur fram úr fjallinu og neðan hans er önnur kletturð sem fallið hefur úr honum. Innan við klettinn er stór hellisgapi sem heitir Víkurbaðstofa. Þar eru tvö hlaðin byrgi, og er þetta það syðra.

Lýsing: Byrgið er grjóthlaðið á þrjár hliðar, en fjórða hliðin er kletturinn. Inngangur er við norðausturhorn byrgisins, hrúnið hefur í innganginn úr hliðarveggjum.

Aðrar upplýsingar: Víkurbaðstofa var notuð til margra hluta enda hin ákjósanlegasta birgðaskemma. Mikilvægt er að hreinsa drasl úr byrginu sem þangað hefur safnast í gegnum árin.


Tóftin er ofan þjóðvegarins fast upp undir fjallinu. Hún er utan austurmarka loftmyndar skráningarsvæðisins, en vegalengdin mæld frá gatnamótum þjóðvegar og bílvegar frá tjaldstæði er sýnd á loftmyndinni.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 35



Mynd 16. S - Vík 163118 205 – 35. Hleðslur byrgisins, horft í suð-austur, fjær sést í nyrðra byrgið.



Teikn. 12. S - Vík 163118 205 – 35. Hleðsla.

Sérheiti: Víkurbaðstofa

Hlutverk: Byrgi (nyðra)

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 63, 25, 13,0000 (-63,42027778) V: 18, 57, 51,7000 (-18,96436111)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 8 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir: Framan við Klettsurð er Víkurklettur sem gengur fram úr fjallinu, og neðan hans er önnur kletturð sem fallið hefur úr honum. Innan við klettinn er stór hellisgapi sem heitir Víkurbaðstofa. Í Víkurbaðstofu eru hlaðin upp 2 byrgi inn við klettavegginn, og er þetta nyrðra byrgið.

Lýsing: Byrgið er grjóthlaðið. Inngangur er í það á norð-vestur horni þess. Hleðslur eru heillegar og ekki hefur hrunið úr veggjum þess.

Aðrar upplýsingar: Víkurbaðstofa var notuð til margra hluta enda hin ákjósanlegasta birgðaskemma. Á seinni árum hefur byrgið þótt ákjósanlegur staður til að henda í rusli sem rýrir mjög byrgið og umhverfi þess. Það eykur einnig hættu á að hleðslur byrgisins skaðist af því rusli sem þangað er hent. Það ætti því að banna alla losun í og við byrgið. Tóftin er ofan þjóðvegarins fast upp undir fjallinu. Hún er utan austurmarka loftmyndar skráningarsvæðisins, en vegalengdin mæld frá gatnamótum þjóðvegar og bílvegar frá tjaldstæði er sýnd á loftmyndinni.

Heimildaskrá: Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Suður-Vík 163118 205 - 36

Sérheiti: Þjóðvegur

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir: Gamli þjóðvegurinn liggur í gegnum golfvöll austur frá Vík.

Aðrar upplýsingar: Þar sem vegurinn liggur næst Víkurkaupstað er hann leiðin í sumarbústaðabyggð og á golfvöllinn. Vegurinn er einnig notaður af hestamönnum.

Heimildaskrá: Vettvangsrannsókn 6/4 2004.

NIÐURSTÖÐUR

Við fornleifaskráninguna er Vík skipt í Suður-Vík og Norður-Vík samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847. Reynt hefur verið að halda þeirri skiptingu í skráningunni með því að halda því sem er austan megin í bæjarins og Víkurár við Suður-Vík, og það sem er vestan megin Víkurár fylgi Norður-Vík. Þetta getur þó eitthvað skarast, sérstaklega ef um minjar í sjálfum Víkurkaupstað er að ræða, en það á ekki að koma að sök í niðurstöðum skráningarinnar.

Þær minjar sem hafa verið skráðar eru búsetuminjar frá sjósókn, landbúnaði og ræktun. Þær eru að mestu frá þeim tíma sem Vík er að breytast í þéttbýlisstað, og menn fara að stunda sjósókn með búskap, en fyrsta húsið í hinum eiginlega Víkurkaupstað er reist árið 1896.

Í þessari forleifakönnun var ekki gerð sérstök könnun á hleðslum í görðum og bak við hús í Víkurkaupstað, en þar er mikið af gömlum hleðslum sem ætti að taka tillit til ef einhverjar framkvæmdir verða á lóðum húsa eða í kringum þau.

Tölur innan sviga eru samsvarandi tölum í fornleifaskráningunni.

Norður-Vík

Norður-Víkur bærinn (1) er nú alveg horfinn undir bílastæði Norður-Víkur. Eldhúsbrekkann, öskuhaugurinn og bæjarhóllinn (2) eru þó enn á sínum stað, og þar hafa verið gróðursett tré. Hóllinn er í hættu vegna þessa. Túngarður (12) Norður-Víkur er vel sýnilegur nyrst í túninu og ætti að taka tillit til hans ef einhverjar framkvæmdir verða og/eða trjárækt á því svæði sem hann liggur um.

Vestast í túni Norður-Víkur á austur brún Víkurárinnar er Völvuleiði (14) sem er mjög sérstakt að lögun í skeifulagaðri umgjörð. Þar er sagt að hvíli á römm forneskja og má þar ekki slá eða hreyfa við nokkru, því þá getur illa farið.

Hálfkirkja/bænhús (15) er sögð hafa verið á Syngjanda. Þar sést smá bunga í landinu sem geta verið leifar hennar. Þarna hafa verið gróðursett tré, og væri best að þau yrðu fjarlægð áður en að þau verða stærri, en það skal gert með varúð. Ef þarna hefur verið hálfkirkja kann að vera að þarna sé líka kirkjugarður. Samanber hálfkirkju sem var á Sauða í Skagfirði. Þar var komið niður á kirkjugarð við lagningu vegar í gegnum nýtt íbúðarsvæði. Engar heimildir voru um að þarna væri kirkjugarður, en heimild var um hálfkirkju.

Úti við Bandastein eru tóftir (23, 24, 25) sem engar heimildir eru til um. Það er trúlegt að þær tengist sjósókn og/eða öðru sem við kemur búskap. Þær ættu því að fá að vera óhreyfðar.

Undir Reynisfjalli er mikið af hleðslum kringum kálgarða (26) sem þarna eru ásamt kofum (27, 28, 29, 30). Þeir eru enn í notkun eins og kálgarðarnir og fá vonandi að halda sínu hlutverki sem lengst svo hleðslur garðanna hverfi ekki.

Suður-Vík

Húsið Suður-Vík (1) (byggt 1902) er nú barnaheimili, og fjósið (3) (byggt 1902) sem er norðan við það, er nú notað sem áhaldahús bæjarins. Þessi hús hafa fengið nýtt hlutverk og er viðhaldið í samræmi við það.

Eldhúsbrekka/Öskuhaugur og bæjarhóll (2) Suður-Víkur eru þó í verulegri hættu vegna trjágróðurs. Í öskuhaugnum má eflaust finna mikið af upplýsingum sem varða búsetu í Suður-Vík í gegnum tíðina.

Á fyrirhugðu byggingarlandi Víkur vestan við kirkjugarðinn eru tóftir og garður (15,16,17) sem ætti að taka tillit til við skipulagningu svæðisins.

Tóft, túngarður (gerði) og ræktunarreitir (20) er norðan við bílastæði Víkurkirkju. Minjar um skepnuhald og ræktun sem vert er að huga vel að og varðveita.

Túngarður Suður-Víkur (21) er heillegur og ætti að taka tillit til hans ef einhverjar framkvæmdir verða sem gætu skaðað hann á einhvern hátt.

Grjóthlaðna réttin (26) var nýtt af Norður- og Suður-Vík, og ætti ekki að gróðursetja innan veggja hennar eða nær henni en 20 m frá veggjahleðslum allt í kringum hana.

Í Víkurbaðstofu (34,35) eru tvö vel hlaðin grjótbyrgi, þar hefur safnast alkyns rusl sem væri þörf á að hreinsa. Líklegt má telja að þarna sé um mjög gamlar hleðslur að ræða og ætti að huga vel að þessum stað.

Að lokum er vísað til kafla um tilgang fornleifaskráningar á bls. 4-7.

HEIMILDASKRÁ

Árni Gíslason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1966.

Einar H. Einarsson. „Mýrdalur.“. *Árbók Ferðafélags Íslands 1975*. Reykjavík. 1975, 14,16.

Sýslu-og Sóknarlýsingar Hins íslenskabókmenntafélags 1839-1873. Reykjavík 1997, 13, 17.

J.Johnsens. *Jarðatal*. 1847, 13.

Sveinn Pálsson *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791- 1797 I.bindi*. Reykjavík. 1983, 350.

Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985, 378 - 399.

Magnús Finnbogason. *V-Skaftafellssýsla, Hvammshreppur, Vík í Mýrdal*. Örnefnastofnun. 1954.

Kjartan Ólafsson. *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga. Fyrri bindi*. 1987, 115,118,120.314, 315.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1928.

Heimildamenn við fornleifaskráningu í Vík í Mýrdal.

Ólafur Þórðarson Austurvegi 10, starfsmaður Víkur (011137-4749).

Sveinn Pálsson sveitarstjóri Víkur. Austurvegi 6. (101261-2209).

FYLGISKJÖL

Fornleifalisti fyrir Norður-Vík

Álfabyggð.....	18
Bátaskýli.....	20
Bústaður.....	1
Fjárhús.....	3
Fjárhús.....	5
Fjárhús.....	6
Fjárhús.....	7
Fjárhús.....	37
Fjárhús.....	38
Fjárhús.....	39
Fjárhús.....	35
Geymsla.....	22
Gerði.....	13
Hesthús.....	4
Kálgarður.....	16
Kálgarðar.....	26
Kálgarður.....	34
Kirkjustaður.....	15
Kofi.....	27
Kofi.....	30
Kofi.....	29
Kofi.....	28
Leiði/ Álagablettur	14
Rafstöð.....	32
Rafstöð.....	33
Smiðja.....	31
Seil.....	21
Stríðsminjar	42
Tóft.....	19
Tóft.....	36
Tóft.....	24
Tóft.....	25
Tóft.....	23
Tún.....	8
Tún.....	9
Tún.....	10
Tún.....	11
Tún.....	17
Túngarður.....	12
Útihús.....	36
Vegur.....	40
Þjóðvegur.....	41
Öskuhaugur.....	2

Fornleifalisti fyrir Suður-Vík

Bústaður.....	1
Byrgi (nyðra).....	35
Byrgi (syðra).....	34
Fjárhús.....	13
Fjárhús.....	15
Fjárhús.....	16
Fjárhús.....	17
Garður.....	18
Fjárhús.....	20
Fjárhús.....	25
Fjárhús.....	29
Fjós.....	3
Gerði.....	27
Hellar.....	33
Hesthús.....	4
Hlaða.....	5
Járnbraut.....	31
Kálgarður.....	23
Kálgarður.....	22
Kálgarður.....	19
Kálgarður.....	28
Kofi.....	6
Leiði.....	11
Mógröf.....	14
Mylla.....	24
Óþekkt.....	7
Rétt.....	26
Sjóbúð.....	12
Smiðja.....	32
Túngarður.....	21
Tún.....	8
Tún.....	9
Tún.....	10
Vegur.....	36
Vörugeymsla.....	30
Öskuhaugur.....	2

Ljósmyndaskrá

Norður-Vík

- Mynd 1. N - Vík 163072 205 - 2.
- Mynd 2. N - Vík 163072 205 - 5
- Mynd 3. N - Vík 163072 205 - 13
- Mynd 4. N - Vík 163072 205 - 14
- Mynd 5. N - Vík 163072 205 - 15
- Mynd 6. N - Vík 163072 205 - 20
- Mynd 7. N - Vík 163072 205 - 22
- Mynd 8. N - Vík 163072 205 - 23
- Mynd 9. N - Vík 163072 205 - 24
- Mynd 10. N - Vík 163072 205 - 25
- Mynd 11. N - Vík 163072 205 - 27
- Mynd 12. N - Vík 163072 205 - 28
- Mynd 13. N - Vík 163072 205 - 29
- Mynd 14. N - Vík 163072 205 - 30
- Mynd 15. N - Vík 163072 205 - 31
- Mynd 16. N - Vík 163072 205 - 32
- Mynd 17. N - Vík 163072 205 - 36
- Mynd 18. N - Vík 163072 205 - 37
- Mynd 19. N - Vík 163072 205 - 38
- Mynd 20. N - Vík 163072 205 - 39
- Mynd 21. N - Vík 163118 205 - 42

Suður- Vík

- Mynd 1. S - Vík 163118 205 - 1
- Mynd 2. S - Vík 163118 205 - 13
- Mynd 3. S - Vík 163118 205 - 15
- Mynd 4. S - Vík 163118 205 - 16
- Mynd 5. S - Vík 163118 205 - 18
- Mynd 6. S - Vík 163118 205 - 19
- Mynd 7. S - Vík 163118 205 - 20
- Mynd 8. S - Vík 163118 205 - 21
- Mynd 9. S - Vík 163118 205 - 22
- Mynd 10. S - Vík 163118 205 - 23
- Mynd 11. S - Vík 163118 205 - 24
- Mynd 12. S - Vík 163118 205 - 26
- Mynd 13. S - Vík 163118 205 - 29
- Mynd 14. S - Vík 163118 205 - 32
- Mynd 15. S - Vík 163118 205 - 34
- Mynd 16. S - Vík 163118 205 - 35

Teikningaskrá

Noður-Vík

- Teikn 1. N - Vík 163072 205 - 5
- Teikn 2. N - Vík 163072 205 - 14
- Teikn 3. N - Vík 163072 205 - 15
- Teikn 4. N - Vík 163072 205 - 23
- Teikn 5. N - Vík 163072 205 - 24
- Teikn 6. N - Vík 163072 205 - 25
- Teikn 7. N - Vík 163072 205 - 29
- Teikn 8. N - Vík 163072 205 - 35
- Teikn 9. N - Vík 163072 205 - 36
- Teikn 10. N - Vík 163072 205 - 37
- Teikn 11. N - Vík 163072 205 - 38
- Teikn 12. N - Vík 163072 205 - 39

Suður- Vík

- Teikn 1. S - Vík 163118 205 - 6
- Teikn 2. S- Vík 163118 205 - 13
- Teikn 3. S - Vík 163118 205 - 15
- Teikn 4. S - Vík 163118 205 - 16
- Teikn 5. S - Vík 163118 205 - 19
- Teikn 6. S - Vík 163118 205 - 20.
- Teikn 7. S - Vík 163118 205 - 22
- Teikn 8. S - Vík 163118 205 - 24
- Teikn 9. S - Vík 163118 205 - 26
- Teikn 10. S - Vík 163118 205 - 29
- Teikn 11. S - Vík 163118 205 - 34
- Teikn 12. S - Vík 163118 205 - 35

Kortaskrá

Kort 1. Norður Vík - staðsetning fornleifa

Kort 2. Suður Vík - staðsetning fornleifa

VIÐAUKI

Húsakönnun

Inngangur

Húsakönnin var unnin 1999-2002 af “Götu Arkitektþjónustu”. Könnunin nær yfir nústandandi hús sem byggð eru fyrir árið 1950 í Víkurkaupþúni. Þau hús sem hér eru tekin með eru byggð fram að árinu 1920. Ekki er gert neitt annað mat á húsunum, en það sem Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt gerði og veitti hann góðfúslega leyfi til að nota þær upplýsingarnar og niðurstöður, og er honum þakkað fyrir.

Húsakönnunin er höfð sem viðauki við hina eiginlegu skráningu fornleifa í Víkurkaupþúni.

Heimild:

Gata Arkitektþjónusta

Arinbjörn Vilhjálmsson

Húsakönnun Mýrdalshrepps

Fylgirit B

Könnun og mat á húsum 1999-2002

Austurvegur

Sérheiti: Hlíð
Heimilsfang: Austurvegur 11
Byggingarár: 1920
Umsögn um bygginguna: Hlíð hefur fengið nokkuð óvenjulega meðferð á síðari árum með tilliti til byggingarlistar og er innblásið af einhverskonar veiðimannarómantík frá meginlandinu. Er kannski undir áhrifum frá sænskri aristókratíu. Það var upphaflega lítið og látlaust steinsteypt hús með lágu þaki en háum kjallara. Það er áberandi í bæjarmyndinni við gatnamót austurvegar og víkurbrautar.

Sérheiti: Hjalli
Heimilsfang: Austurvegur 11b
Byggingarár: 1908
Umsögn um bygginguna: Hjalli er eitt af hjallahverfishúsum sem hafa “þurrabúðar-brag”, eru líkari þeim húsum sem tíðkuðust til sveita. Þau snúa burstinni fram og eru á lágum hlöðnum kjallara. Aðalrými hússins er einskonar baðstofa sem er að hluta til undir súð. Undir bökkunum tíðkast frekar að húsin snéru langhlið fram, væru með lágu risi en fullri herbergjahæð. Húsið hefur verið klætt nýverið og hefur þá verið klætt yfir kjallarann sem gerir gerð hússins ekki eins sýnilega. Ásamt Engjagarði myndar Hjalli geðþekka heild með sterkum íslenskum einkennum.

Sérheiti: Engjagarður
Heimilsfang: Austurvegur 11 c
Byggingarár: 1919
Umsögn um bygginguna: Engjagarði hefur mikið verið breytt frá upphaflegri mynd sem sést vel á ljósmynd á bls. 72 í Dynskógum 4, (með ritgerð ees). Breytingin dregur úr varðveislugildi byggingarinnar sjálfrar en ásamt hjalla myndar engjagarður heild sem stendur á gömlum grunni. Áður var húsið baðstofa á steinkjallara og með lítið bíslag austan við. Núverandi þak hússins nær yfir allan grunn gamla hússins þannig að burstin verður helmingi stærri og breiðari.

Sérheiti: Varmahlíð
Heimilsfang: Austurvegur 11d
Byggingarár: 1916
Umsögn um bygginguna: Af öllum húsum í víkurkaupþúni ber Varmahlíð sterkast svipmót af íslenskri og skatfellskri byggingarhefð. Öll helstu einkenni af síðasta stigi íslenska torfbæjarins eru til staðar, burst snýr fram á hlað og útihús í annari burst við hliðina. Húsið stendur inni í hlaðinni tóft og gaflinn

er klæddur bárujárn. Ástæða er til að nefna að ennþá eru leifar af gamalli símalögn á burstinni. Af gömlum myndum að dæma virðist varmahlíð vera eina húsið í hjallahverfi sem stendur innan við túngarð Suður-Víkur. Ekkert hús í Vík hefur varðveist eins vel að upprunalegri gerð.

BAKKABRAUT

Sérheiti: Fagrabrekka
Heimilsfang: Bakkabraut 7
Byggingarár: 1920
Umsögn um bygginguna: Húsið stóð áður á skálmabæjarhraunum í álftaveri, en eftir kötluhlaupið 1918 lagðist byggð þar af. Tveimur árum síðar flutti Benedikt Einarsson húsviðina til víkur og reisti hús á þessum stað og kallaði það Fögrubrekku. Ekki ligga fyrir upplýsingar um hvenær húsinu var breytt. Í húsinu voru áður tvær íbúðir.

Sérheiti: Laufás (Bjarnahús)
Heimilsfang: Bakkabraut 6 a
Byggingarár: 1919
Umsögn um bygginguna: Laufás er upprunalega parhús eins og svo mörg önnur hús í vík, og ennþá eru skráðar tvær íbúðir í húsinu, þótt önnur þeirra sé ekki nema rétt rúmlega 30 fermetrar. Það er timburhús á steiptum kjallara eða öllu heldur jarðhæð og getur því næstum því kallast tvílyft hús. Húsinu hefur verið talsvert breytt. Það virðist hafa verið byggt við austurendann, gluggum hefur verið breytt og klæðningin nær yfir steipta neðri hæð hússins. Bakkabraut lá einu sinni neðan húss og þar er aðkoma að húsinu í dag, sem gerir það að verkum að húsið er með götu þétt á báða bóga. Það væri vel gerlegt að færa húsið til upprunalegs horfs.

Sérheiti: Bjarg
Heimilsfang: Bakkabraut 2
Byggingarár: 1912
Umsögn um bygginguna: Bjarg var fyrsta húsið sem byggt var uppi í bökkunum. Það var snoturt hús og ekki ósvipað sólheimum, þótt það sé hærra og styttra. Núverandi útlit hússins ber með sér að því hafi verið breytt á fimmta áratugnum og eru breytingar það miklar að ekkert er sýnilegt af eldra húsi. Húsið var upphaflega eitthvert myndarlegasta íbúðarhús þorpsins og reist af stórhug. Núverandi hús er ágætt dæmi um hús undir áhrifum frá “valmafúnkis-stíl” og er vel við haldið.

Sérheiti: Hlíðarendi
Heimilsfang: Bakkabraut 1

Byggingarár: 1919
Umsögn um bygginguna: Líkt og Sunnuhvoll hefur húsinu verið breytt algerlega frá upphaflegri mynd, og ekkert merkjanlegt frá af hinu upprunalegu húsi.

KIRKJUVEGUR

Sérheiti: Sandfell
Heimilsfang: Kirkjuvegur 2
Byggingarár: 1916
Umsögn um bygginguna: Sandfell stóð nyrst í röð þriggja “bæja” af “þurrabúðargerð” sem snéru allir göflum til vesturs. Hinir “bæirnir” sem eru horfnir voru miðhús sem stóð sunnan við sandfell syðst. Þessi hús eru útverðir kauptúnsins í austri áratugum saman. Á gamalli mynd sést að við hlið syðri burstarinnar var hús sem snéri langhlið fram með tveimur einpósta gluggum. Þá voru gluggar á nyrðri burstinni nokkuð öðruvísi, uppi var einpósta gluggi með tveimur þriggja rúðu römmum og tveir gluggar á neðri hæð sömu gerðar. Á syðri burstinni hefur hinsvegar verið tveggja krossa gluggi frá upphafi að virðist. Steypt anddyri er yngra og þrengir vegurinn að því.

Sérheiti: Hof
Heimilsfang: Kirkjuvegur 3
Byggingarár: 1910
Umsögn um bygginguna: Vestara húsið er eldra, byggt 1910 og var í upphafi myndarlegt timburhús á háum kjallara. 1915 sest Stefán læknir Gíslason að í Vík og kaupir húsið af Sveini Guðmundssyni smið hússins og eiganda. Árið 1922 lét Stefán byggja eystra húsið og er athyglisvert að hann skuli reisa það þétt upp af hinu þannig að úr verður bygging sem minnir á burstabæ. Kemur þar eflaust til rómantískur innblástur þess tíma og kannski áhrif frá húsagerðum í hjallahverfi. Ekki er ósennilegt að Stefán hafi fengið einhvern styrk til þess og jafnvel teikningar af viðbyggingu, þótt ekki sé hægt að fullyrða neitt um það.

Sérheiti: Uppsálir
Heimilsfang: Kirkjuvegur 5
Byggingarár: 1920
Umsögn um bygginguna: Upphaflega voru uppsalir snoturt timburhús af hefðbundinni gerð síns tíma, á nokkuð háum kjallara og með háu risi. Breytingar hafa verið gerðar á fimmta áratugnum undir fúnkis-áhrifum, ennþá má samt greina eldra hús í ytra byrði kjallarans. Húsið er ágætt dæmi um samruna ólíkra viðhorfa og má lesa rúnir tímans úr þessu geðþekka húsi.

SUÐURVÍKURVEGUR

Sérheiti:	Suður-Vík
Heimilsfang:	Suðurvíkurvegur 1
Byggingarár:	1902
Umsögn um bygginguna:	Íbúðarhús reist af stórhuga frumkvöðli, bónda og kaupmanni Halldóri Jónssyni. Hefur í raun haldið upprunalegri gerð sinni. Gamla íbúðarhúsið í Suður-Vík er glæsilegt hús og ber vitni um ótrúlegan stórhug halldórs jónssonar í byrjun nýrrar aldar. Suður-Víkur bænum hefur verið fundið verðugt hlutverk sem barnaheimili. Og er vonandi að Halldórsverslun verði gert eins hátt undir höfði í framtíðinni. Suður-Víkurbærinn er gott dæmi um íslenskt stórbýli í byrjun 20. Aldar og tilvist útihúsa dregur ekki úr gildi þess.

Sérheiti:	Suður-Víkur fjós
Heimilsfang:	Suðurvíkurvegur
Byggingarár:	1902, 1927/1935
Umsögn um bygginguna:	Af útihúsum suður-víkur er fjósið athyglisverðast, ekki síst frá húsbyggingatækni, en það er með tvöföldum steiptum veggjum, sem má rekja til tilrauna Jóhannesar Franklins Kristjánssonar arkitekts (1885-1952) sem var forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins 1930-1937, en á þeim tíma var fjós þetta byggt (1927 en gæti verið eldra). Hann var sérstakur byggingaráðunautur með laun af fjárlögum til þess að leiðbeina bændum í húsagerð. Gæti hann allt eins verið höfundur þessa fjóss.

VÍKURBRAUT

Sérheiti:	Halldórsbúð
Heimilsfang:	Víkurbraut 21 a
Byggingarár:	1903
Umsögn um bygginguna:	Í húsinu var Halldórsbúð starfrækt til ársins 1950, en þá eignaðist verslunarfélag Vestur-Skaftfellinga húsin og rak þar verslun til 1973. Smíðir að húsinu voru sveinn ólafsson og erasmus elíasson. Ennþá eru leifar af upprunalegum verslunarinnréttingum, en mikið hefur þó skemmt vegna bagalegrar meðferðar. Breytingar þær sem gerðar voru inni í húsinu eftir að það var nýtt sem bátaverkstæði og geymsla eru mjög miklar og bagalegar þar sem varðveislugildi hússins er mjög mikið. En breytingar eru ekki þess eðlis að ekki verði hægt að færa húsið til upprunalegarar gerðar við endurbætur.

Sérheiti: Stærra pakkhús
Heimilsfang: Víkurbraut 21 a
Byggingarár: 1904
Aðrar upplýsingar: Hluti af húsasamstæðu halldórsbúðar. Síðasta pakkhúss í Vík.
Umsögn um byggingu: Var reist síðar en Halldórsbúð sjálf og ekki ósennilegt að smiðir séu þeir sömu. Þeir Sveinn Ólafsson og Erasmus Elíasson.

Sérheiti: Minna pakkhús
Heimilsfang: Víkurbraut 21 a
Byggingarár: 1907
Aðrar upplýsingar: Hluti af húsasamstæðu Halldórsverslunar.
Umsögn um bygginguna: Erfitt er að segja til um hvort hér sé um hið eiginlega minna pakkhús Halldórsverslunar að ræða.

Sérheiti: Eyjarhólar/Högnabær
Heimilsfang: Víkurbraut 32 a
Byggingarár: 1901
Umsögn um bygginguna: Eyjarhólar sem upphaflega hét Högnabær og Kvíaból mynda samstæðu tveggja húsa sem var dæmigert fyrir byggðamynstrið í Víkurþorpi frá upphafi. Upphaflega snéri Högnabær þó gaflí til suðurs sem var undantekning í þessum hluta þorðsins. Var í raun lítil baðstofa. Upplýsingar vantar um breytingar hússins þ.e.a.s. Hvenær þær voru gerðar og hve miklu var breytt því ekki virðist vera mikið eftir að upprunalegum hlutum hússins.

Sérheiti: Lundur
Heimilsfang: Víkurbraut 34
Byggingarár: 1901
Umsögn um bygginguna: Með elstu húsum í Vík. Auðvelt að lesa breytingarsögu hússins út frá útliti. Tómas Gíslason byggði húsið “vestur á sandi” 1901 (1899 f) á bls. 15 ees sést það á gamla staðnum beint vestur af Högnabæ. Guðjón Jónsson keypti 1904 og Sveinn smiður Ólafsson flutti það á teinum verslunarinnar á núverandi stað. Á þessum stað er að sjá eitthvað hús á sömu ljósmynd sem hefur sennilega verið útihús frá verslunarstjóra brydeverslunar. Sigurjón Kjartansson byggði sér íbúðarhús áfast við Lund vestan megin 1921.

Sérheiti: Strönd
Heimilsfang: Víkurbraut 19
Byggingarár: 1907
Umsögn um bygginguna: Í hópi eldri húsa. Hýsti eitt sinn smáverlun. Húsið strönd skiptist í austur og vesturenda og austurhlutinn miklu minna. Húsin reistu þeir bræður Jakob og Sigurður Björnssynir sem drukknuðu við

uppskipum ásamt þremur öðrum þann 26. maí 1910. Um skeið var einnig rekin smáverðslun í húsinu. Hér verslaði Þorlákur Sverrisson og síðar Árni Einarsson. Húsið hefur nokkra sérstöðu í legu sinni þar sem það er mjög áberandi við enda opna svæðisins við Brydebúð sem vel mætti kalla torg.

Sérheiti: Kvíaból
Heimilsfang: Víkurbraut 32
Byggingarár: 1898
Umsögn um bygginguna: Þetta hús byggði upphaflega Erlendur Björnsson í Vík. Kvíaból og Eyjarhólar mynda sérstaka samstæðu valmápakshúsa en ekki er algengt að hús með þeirri þakgerð séu sambyggð á þennan máta. Húsin eru í góðu ástandi og bera eigendum sínum fagurt vitni. Aldur húsanna er þó ekki merkjanlegur af ytra útliti. Samstæðan er hluti af óreglulegri þyrpingu húsa innan brydebúðar sem er mikilvæg fyrir fjölbreytni byggðarmynsturs kaupsinsins.

Sérheiti: Lækjarmót
Heimilsfang: Víkurbraut 30 c
Byggingarár: 1902
Umsögn um bygginguna: Með elstu húsum kaupsinsins og hefur varðveist vel. Lækjarmót er hluti af elstu bæjarmyndinni og er mjög áberandi. Skorsteinninn við austurstafinn eykur á gildi byggingarinnar og ljær henni fornt yfirbragð. Var upphaflega eitt af Víkurhúsum en varð snemma viðskila við maka sinn sem var fluttur aftur fyrir. Ris hússins virðist ekki vera eins hátt og það var í upphafi.

Sérheiti: Sigurðarstaðir
Heimilsfang: Víkurbraut 30
Byggingarár: 1906 (1902)
Aðrar upplýsingar: Hér var lengi Sigurður Einarsson söðlasmiður til húsa. Þorsteinn Þorsteinsson kaupmaður bjó hér.
Umsögn um bygginguna: Þegar húsið var sambyggt Lækjarmóti í upphafi hefur risið verið hátt eins og það er í dag. Eftir að það var flutt fékk þar lágris eins og flest hin húsin. Síðar hefur því verið breytt aftur og þannig er núverandi form hússins líkast því sem það var meðan það var sambyggt Lækjarmóti. Núverandi form, þakhalli og bísílag er óneitanlega mjög líkt húsi þeirra bræðra Lofts og Jóns Lörsteinssonar. Húsið myndar því mjög gamla bæjarmynd ásamt Brydebúð.

Sérheiti: Einarsstaðir
Heimilsfang: Víkurbraut 30 a
Byggingarár: 1904
Umsögn um bygginguna: Á sér óslitna sögu frá fyrstu árum byggðar á Víkursandi. Af öllum elstu húsunum innst í Víkurþorpi hefur þetta hús tekið mestum breytingum. Það hefur þá sérstöðu að vera tveggja hæða með lágrisi og sker sig þannig úr heildarmynd þyrpingarinnar.

Sérheiti: Hamar (Presthús)
Heimilsfang: Víkurbraut 30 b
Byggingarár: 1894
Aðrar upplýsingar: Var upphaflega sjóbúð Einars Hjaltasonar og í raun fyrsta íbúðarhús í Víkurtúni. Hér bjó Einar ásamt fjölskyldu sinni á meðan hús hans var í smíðum, prestsetur lengi.
Umsögn um bygginguna: Hamar hefur mikla sérstöðu meðal elstu húsanna í Vík en einnig meðal húsa í Mýrdalnum öllum. Það er eina húsið sem er upphaflega sjóbúð og er í rauninni elsta húsið í Vík, þótt því hafi verið breytt talsvert 1909 og endurbyggt 1946. Það er eina húsið undir bökkunum sem snýr gafli á móti suðri ef frá eru skilin útihús. Hamar, Varmahlíð, Sandfell og gamli bærinn á Dyrhólum eystri eru einu varðveittu íbúðarhúsin í Mýrdalnum sem á rætur í gömlu torfbæjarhefðinni. Hamar var prestsetur í tvo áratugi 1914-1934.

Sérheiti: Kofi við Hamar
Heimilsfang: Víkurbraut
Byggingarár: Óþekkt
Umsögn um bygginguna: Vel varðveitt gamalt timburhús. Kofi þessi lætur ekki mikið yfir sér en hefur þó mikið varðveislugildi. Ekki hvað síst í samhengi við hamar, en þessi tvö hús varðveita forna húsamynd sem rekja má til upphafs byggðar á Víkursandi. Áður stóðu almörg útihús í kringum þetta hús, en þau eru nú öll horfin. Það er full ástæða til að undirstrika varðveislugildi þessa látlausa húss.

Sérheiti: Brydebúð
Heimilsfang: Víkurbraut 28
Byggingarár: 1895 (1831)
Aðrar upplýsingar: Húsið er að stofni til frá 1831. Elsta verslunarhúsið.
Umsögn um bygginguna: Brydebúð má að sönnu kalla þungamiðju byggðar á Víkursandi í flestu tilliti. Það var reist á Víkursandi úr viðum (rauðri feitri furu) sölubúðar Godthaabsverslunar í Vestmannaeyjum sem var reist árið 1821 og hefur form þess húss haldið sér að öllu leiti. Af þessari ástæðu er húsið lang elsta hús í Mýrdalnum og þótt víðar væri leitað. Staðurinn þar sem húsið stóð í Vestmannaeyjum

fór undir hraun í gosinu 1973. Miðjukvistur var settur á húsið 1915 og steipt bakhús kom á fjórða áratugnum við austurenda og síðar vesturenda. Miklar breytingar voru gerðar á húsinu á sjötta og sjöunda áratugnum, en á árunum 1999-2001 var húsið algjörlega endurnýjað og fært til fyrri myndar að ytra byrði. Hér var rekin verslun frá 1895-1981, þá var starfrækt saumastaofa í húsinu, en frá 2000 hefur verið rekin veitingastofa, upplýsinga miðstöð ferðamála og sýngarsalur. Hér bjó Gísli Sveinsson sýslumaður og forseti Alþingis þegar hann lýsti yfir stofnun lýðveldis á Þingvöllum 1944. Íbúð Gísla var á efri hæð hússins. Varðveislugildi hússins er ótvírætt.

Sérheiti: Brydepakkhús
Heimilsfang: Víkurbraut 26
Byggingarár:
Aðrar upplýsingar: Blánefsbúð flutt hingað 1892
Umsögn um bygginguna: Óvíst hvort eitthvað er eftir af Brydepakkhúsi í þeirri bggingu sem þarna stendur núna.

Sérheiti: Sælundur
Heimilsfang: Víkurbraut 24
Byggingarár: 1903
Aðrar upplýsingar: Byggt sem íshús. Hér bjó Bjarni Kjartansson sem var kaupfélagsstjóri frá 1910 til 1927.
Umsög um bygginguna: Staða Sælundar í þorpsmyndinni er sérstök þar sem það stendur við enda opins svæðis sem nær frá Grenihlíð að núverandi hótél Lunda (Brydepakkhúsum). Húsin frá Grenihlíð standa þétt við brekkurætur en fylgja ekki Víkurbraut sem afmarkast af sælundi og elstu kaupfélagshúsunum. Þess vegna er Sælundur mikilvægur fyrir þessa gömlu götummynd sem hefur ekki breyst að ráði frá því um 1910. Nú hafa mörg húsanna í kring verið færð til upprunalegra útlits og vissulega væri fengur í því að sælundur fengi sömu meðferð.

Sérheiti: Gamla gistiheimilið, Höfðabrekka, Loftshús
Heimilsfang: Víkurbraut 24 a
Byggingarár: 1913
Aðrar upplýsingar: Hér var gistihús áratugum saman og er enn, sýslumannsetur um tíma. Í hópi elstu gistihúsa landsins.
Umsögn um bygginguna: Á þessum sama stað stóð íbúðarhús það sem Einar Hjaltason reisti 1896 og var elsta íbúðarhús ef frá er talin sjóbúð einars sem seinna varð prestbústaður (hamar). Einar veitti mönnum faragreiða m.a. með gistingu, þannig að frá fyrstu tíð hefur hér staðið gistiheimili. Húsið var sýslumannssetur á árunum 1914 til 1918 en þá komst húsið í eigu Lofts Jónssonar og fjölskyldu hans og ráku þau hér gistingu og greiðasölu.

Árið 1940 keypti Brandur Stefánsson bifreiðastjóri húsið og byggði hann við það beggja vegna (1943). Síðar tók Kaupfélag Skaftfellinga við rekstri gistihússins og síðan Kaupfélag Árnesinga. Árið 1996 eignuðust Árni Oddsteinsson og Jóna Kerúlf húsið og hafa rekið hér gistiheimili. Þau hafa gert miklar endurbætur á húsinu, sett í nýja glugga með gömlu sniði, einangrað og klætt með bærustáli, en bárujárnsklæðningin hafði að hluta til enst frá árinu 1913 eða í 89 ár.

Sérheiti:	Útihús
Heimilsfang:	Víkurbraut 24
Byggingarár:	1915
Aðrar upplýsingar:	Líklega eitt af útihúsum Einars Hjaltasonar
Umsögn um bygginguna:	Uppruna húsa þessa má rekja til útihúsa einars hjaltasonar sem sjást á mörgum myndum. Steinhleðslur í veggjum eru eflaust að einhverjum hluta ef ekki alveg frá þeim tíma. Útihúsin voru fleiri og röðuðu sér meðfram brekkurótum aftur fyrir gistihúsið. Húsin minna á þá tíma þegar flestir íbúar kaupsins stunduðu einhvern landbúnað sér og sínum til framfæris. Eystri burstin er (að frátalinni kartöflugeymslu undir reynisfjalli) eina húsið sem eftir er í Vík sem hefur torfþak. Þessi hús eru áberandi og hafa verið hluti af bæjarmyndinni frá fyrstu tíð og hafa mikið varðveislugildi.

Sérheiti:	Símstöðin
Heimilsfang:	Víkurbraut 22 a
Byggingarár:	1900
Umsögn um bygginguna:	Með allra fyrstu íbúðarhúsum í Vík. Húsið er vestast í röð keimlíkra húsa frá Grenihlíð. Þau eru flest parhús og eins er með þetta hús. Erlendur Björnsson trésmiður reisti húsið og er þetta með fyrstu húsum hans. Þetta hús og húsið sem var áfast við það austanmegin, Bindindishúsið voru byggð samtímis. Húsið var símstöð Víkurkaupsins frá 1914 og hefur lengst af gengið undir því nafni, og var Sveinn Þorláksson eigandi hússins símstöðvarstjóri ásamt starfi sínu sem skósmiður. Viðbyggingin sem er tveggja hæða og hálfgerður turn virðist hafa verið gerð á fjórða eða fimmta áratugnum en áður var bísag með sama þakhalla og mænistefnu og húsið sjálft, en nokkru lægra. Ekki er ósennilegt að húsbyggjandi hafi ætlað sér að setja hæð ofan á allt húsið. Gluggi með 9 rúðum var þar á stafni en þegar viðbyggingin var gerð var glugginn settur á suðurhlíð hennar.

Sérheiti: Bindindishúsið
Heimilsfang: Víkurbraut 22
Byggingarár: 1900
Umsögn um bygginguna: Reist af bindindisfélaginu Sameiningu. Barnaskóli 1901-1910 og telst því elsta skólabygging í Mýrdalnum. Íbúðarhús síðan. Árið 2000 var húsið gert upp og settir í það gluggar með gömlu sniði, einangrað og klætt með nýju bárustáli.

Sérheiti: Geymsla að húsbaki Bindindishúss.
Heimilsfang: Víkurbraut 22
Byggingarár: 1900
Umsögn um bygginguna: Geymsla að húsabaki.

Sérheiti: Sölubúð K.S. Heiði
Heimilsfang: Víkurbraut 11 a
Byggingarár: 1909
Umsögn um bygginguna: Fyrsta hús Kaupfélags Skaftfellinga. Hluti af sögu íslenskra samvinnufélaga. Húsið var reist sem sölubúð og vörugeymsluhús Kaupfélags Skaftfellinga og var notað undir þá starfsemi þar til K.S. flutti í Brydebúð 1926. Frá 1932 hefur húsið verið notað sem íbúðarhús. Árið 1911 var gamla íbúðarhúsið frá Mið-Hvoli reist við austurenda hússins og er þar enn. Húsið sem stóð vestan við var í eigu kaupfélagsins, stóð upphaflega vestur á sandinum og var í eigu Skaftfellingafélagsins ýmist kallað Félagshúsið eða Afgreiðslan. Það var reist þar 1895 en flutt 1907 (?). Athyglisvert er að húsin sunnan Víkurbrautar snúa ekki framhlið að götunni þannig að menn hafa í rauninni ekki litið á Víkurbraut sem götu heldur hefur vegið þyngra að snúa húsinu á móti suðri, sól og hafi. Húsinu hefur verið talsvert breytt að ytra byrði og t.d. voru engir gluggar norðan megin í upphafi.

Sérheiti: Viðbygging við sölubúð K.S. Heiði
Heimilsfang: Víkurbraut
Byggingarár: 1911
Aðrar upplýsingar: Þetta var íbúðarhús Eyjólfss á Hvoli þegar hann bjó á Mið-Hvoli.
Umsögn um bygginguna: Það vekur athygli að húsið var flutt frá Mið-Hvoli og reist hér við austurenda kaupfélagsins og tengist breytingum á eignarhaldi á Hvolabæjum. Ekki ber heimildum saman um hvort húsið hafi verið flutt til Víkur 1910 eða 1911.

Sérheiti: Nausthamar vesturendi, Önnuhús.
Heimilsfang: Víkurbraut 20 a
Byggingarár: 1899

Umsögn um bygginguna:	Óbreytt íbúðarhús. Vesturendi Nausthamars er eitt af lágreistu húsunum sem standa við brekkurætur undir bökkunum. Það hefur verið gert upp.
Sérheiti:	Nausthamar austurendi
Heimilsfang:	Víkurbraut 20
Byggingarár:	1899
Umsögn um bygginguna:	Óbreytt íbúðarhús, hér var verslað um skeið. Eiríkur E. Sverrisson getur þess í upphafi ritgerðar sinnar að á þessum stað hafi verið reist sjóbúð um 1890 sem kölluð var Þorgeirsbúð ... stóð hún undir kletti þeim sem verður næst fyrir ofan íbúðarhús Kjartans Finnbogasonar Mynd sem fylgir textanum er hinsvegar af Hamri og virðist gæta misskilnings. Nafnið Nausthamar bendir einnig til þess að hér hafi sjóbúð verið undir Hamri. Nausthamar var óbreytt íbúðarhús er hér í austurenda var verslun Guðjóns Jónssonar í a.m.k. 6 ár frá 1916.
Sérheiti:	Sólheimar
Heimilsfang:	Víkurbraut 18
Byggingarár:	1906
Aðrar upplýsingar:	Fyrsta sýslumannssetrið í Vík 1908-1914.
Umsögn um bygginguna:	Sólheimar er reisulegast lágu húsanna undir bökkunum. Hér var fyrsta sýslumannssetur í Vík á árunum 1908-1914. Í Dynskógum 4 á bls. 233 lýsir Ólafur Sveinsson sjávarflóðum í Vík m.a. í Sólheimum. Það stendur á hlöðnum kjallara og samsvarar sér vel í hlutföllum. Tveir skorsteinar voru á húsinu, en annar þeirra er ekki lengur til staðar. Að húsabaki stendur ennþá lítill kofi úr steinsteypu sem er sagður frá 1918 í fasteignamati, en gæti verið eitthvað eldri þótt engar heimildir finnist fyrir því. Hér hefur því varðveist íbúðarhús ásamt bakhúsi og útihúsi, og er sú samstæða því orðin gömul. Í vsvs1 er á bls. 283 sagt frá því að timbrið í húsinu kom til Víkur árið 1906 og er reikningurinn fyrir þeirri sendingu enn til, og mörg hús reist úr því timbri sem kom frá halmstad í svíþjóð. Árið 2000 var húsið endurgert af verkalýðsfélaginu Víkingi sem á húsið og er það notað sem sumarhús. Pallar hafa verið gerðir á lóðinni sunnan við.
Sérheiti:	Sólheimar, geymsla
Heimilsfang:	Víkurbraut 18
Byggingarár:	1918
Umsögn um bygginguna:	Eitt af fáum útihúsum eða bakhúsum frá þessum tíma. Þau sjást vel á gömlum ljósmyndum frá Vík.
Sérheiti:	Grenihlíð
Heimilsfang:	Víkurbraut 16

Byggingarár:	1907
Umsögn um bygginguna:	Húsið byggði og átti Jón Brynjólfsson trésmiður. Á gömlum myndum sést að bíslög með einhalla þaki voru beggja vegna, en síðar hefur þak verið hækkað og sameinað megin þaki og gaflarnir þá steiptir. Austan Grenihlíðar var áður röð útihúsabursta að Háeyri, alls 5 burstir að sjá. Þau hús eru öll horfin. Grjóhlaðinn kjallari er undir húsinu, þótt ekki sé hann hár í lofti að sjá. Grenihlíð og Sólheimar eru einu húsin af húsaröðinni sem standa á kjallara.
Sérheiti:	Háeyri
Heimilsfang:	Víkurbraut 14
Byggingarár:	1909 eða 1911
Umsögn um bygginguna:	Vantar athugn á því hvað af húsinu er eldra og yngra, og hvort það sé í raun bæði háeyri 1909 eða hús Ólafs Ólafssonar, steinhús frá 1911.
Sérheiti:	Hús Jóns Ólafssonar kennara
Heimilsfang:	Víkurbraut 12
Byggingarár:	1911
Umsögn um bygginguna:	Húsið er næst elsta steinsteypuhúsið í Vík. Jón Ólafsson byggði húsið sumarið 1911. Athygli vekur tígulgluggi á risi sem bregður einnig fyrir á Sunnuhvoli sem reist var 10 árum síðar.
Sérheiti:	Vatnadalur
Heimilsfang:	Víkurbraut 10
Byggingarár:	1911
Umsögn um bygginguna:	Er í hópi elstu steinsteypuhúsanna, en hefur verið mikið breytt. Erfitt er að greina hve mikið af húsinu er upprunalegt. Það er sambyggt 10 a sem er byggt 1945.
Sérheiti:	Barnaskólahúsið Leikskálar.
Heimilsfang:	Víkurbraut 8
Byggingarár:	1910
Aðrar upplýsingar:	Skólabygging, fyrsta steinsteypa byggingin í Víkukauptúni. Teiknað af Rögnvali Ólafssyni arkitekt og viðbygging eftir Guðjón Samúelsson húsameistara ríkisins. Breytingar má kalla menningarslys.
Umsögn um bygginguna:	Út frá sjónarmiðum verndargildis hafa breytingar sem gerðar voru á þessu merkilega húsi í raun verið eyðilaggt bygginguna. Gluggasetning gamla skólahússins er þó greinilega í vesturhluta salarins, og hefur hún verið látin ráða gluggaröðinni. Að öðru leiti hefur ekkert tillit verið tekið til eldra húss, jafnvel þó arkitektar þess hafi verið tveir fyrstu arkitektar þjóðarinnar. Húsið er ágætt dæmi um það skeytingarleysi sem menn sýndu íslenskum byggingararfi á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar.

KORT 1. VÍK NORDUR - STAÐSETNING FORNLEIFA



KORT 2. VÍK SUÐUR - STAÐSETning Fornleifa

